



Skýrsla starfshóps um lagaramma orkumála

til iðnaðarráðherra

Október 2011

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
<i>Skýringar helstu hugtaka</i>	5
I. HLUTI: ORKUGEIRINN Á ÍSLANDI	7
YFIRLIT YFIR EIGNARHALD OG LAGALEGA STÖÐU AUÐLINDA, ORKUFYRIRTÆKJA, FLUTNINGS OG DREIFINGAR.....	7
<i>Auðlindir</i>	7
<i>Orkufyrirtækin</i>	7
<i>Flutningur og dreifing</i>	8
BREYTINGAR Á ORKUMARKAÐI Á UNDAFÖRNUM ÁRUM	8
BREYTINGAR Á EIGNARHALDI ORKUFYRIRTÆKJA Á UNDAFÖRNUM ÁRUM	9
SÉRSTAÐA ORKUGEIRANS Á ÍSLANDI.....	10
TENGLSKIPULAGS Á ORKUMARKAÐI OG EIGNARHALDS	10
II. HLUTI: MEGININTAK LAGARAMMA UM ORKU OG AUÐLINDIR	12
SKYNSAMLEG NÝTING AUÐLINDA MEÐ FRAMTÍÐARHAGSMUNI Í HUGA	12
<i>Lagarammi umhverfismála</i>	12
<i>Lagarammi um hagræna þáttinn</i>	14
<i>Lagarammi um félagslega þáttinn</i>	16
III. HLUTI: MIKILVÆGI HEILDSTÆÐRAR AUÐLINDASTEFNU	21
NOKKUR VIÐFANGSEFNI Í AUÐLINDAMÁLUM	21
VIÐAUKAR.....	22
VIÐAUKI 1: ÁFANGASKIL STARFSHÓPS TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA 24. JANÚAR 2011.....	22
<i>I – Umfjöllun starfshópsins og afmörkun viðfangsefnisins</i>	22
<i>II – Leiðir samkvæmt skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál</i>	23
<i>III – Tillaga um næstu skref vegna HS Orku hf. og stefnumótun til lengri tíma</i>	24
<i>IV – Heildstæð auðlindastefna</i>	25
VIÐAUKI 2: BREYTINGAR Á SKIPULAGI RAFORKUMÁLA, ORKUFYRIRTÆKJA OG ORKUÚTRÁSIN	26
<i>Skipulag raforkumála fyrir setningu raforkulaga 2003</i>	26
<i>Helstu breytingar á skipulagi raforkumála, orkufyrirtækja og reglna um erlenda fjárfestingu</i>	27

Inngangur

Verkefni starfshópsins er byggt á 2. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 27. júlí 2010 en hún er svohljóðandi:

„Forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og umhverfisráðherra sem og þingflokkar stjórnarflokkanna tilnefna hver einn fulltrúa í sérstakan starfshóp sem hefji þegar störf og undirbúi lagafrumvarp er tryggi opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarki eignarhald einkaaðila. Meðal annars verði horft til niðurstaðna nefndar ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu í orkugeiranum við mótun löggjafar og hvernig best megi aðlaga núverandi ástand mála nýrri löggjöf. Stefnt skal að framlagningu nýs lagafrumvarps í samræmi við niðurstöðu starfshópsins fyrir lok októbermánaðar 2010. Samhliða munu forsætisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið halda áfram þeirri vinnu sem þar er hafin á grundvelli skýrslu nefndar Karls Axelssonar varðandi gjaldtöku fyrir nýtingu vatnsréttinda í eigu ríkisins og tímalengd samninga o.fl. Skal niðurstaða þeirrar vinnu liggja fyrir á sama tíma“.

Iðnaðarráðherra var falið að halda utan um starf hópsins og óskaði eftir að þingflokkar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og umhverfisráðherra tilnefndu fulltrúa. Hópurinn skipa:

Arnar Guðmundsson, fulltrúi iðnaðarráðherra, formaður
Árni Þór Sigurðsson, fulltrúi þingflokks VG,
Indriði H. Þorláksson, fulltrúi fjármálaráðherra,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, fulltrúi þingflokks Samfylkingarinnar,
Páll Þórhallsson, fulltrúi forsætisráðherra,
Salvör Jónsdóttir, fulltrúi umhverfisráðherra,
Kristrún Heimisdóttir, fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðherra.

Að starfi hópsins komu einnig Þóra M. Hjaltsted f.h. efnahags- og viðskiptaráðherra, Guðjón Axel Guðjónsson og Ingvi Már Pálsson f.h. iðnaðarráðherra, Bergur Sigurðsson og Álfheiður Ingadóttir f.h. þingflokks VG og Mördur Árnason f.h. þingflokks Samfylkingarinnar.

Vinna starfshópsins dróst nokkuð umfram það sem ráð var fyrir gert í yfirlýsingunni og skýrist það einkum af þremur þáttum.

Í fyrsta lagi drógust skil nefndar um orku- og auðlindamál en sú nefnd, undir forystu Hjördísar Hákonardóttur, skoðaði sérstaklega einkavæðingu í orkugeiranum.

Í öðru lagi var starfshópnum falið að ljúka hluta verkefna framangreindrar nefndar um orku- og auðlindamál, þ.e. að fjalla um framtíðarfyrirkomulag orkumála og gera tillögur að næstu skrefum varðandi stöðuna á eignarhaldi HS Orku.

Í þriðja lagi leiddi umræða innan starfshópsins og skoðun á orkumálunum í ljós að nær ómögulegt er að einangra spurningar um eignarhald orkufyrirtækja frá skipulagi orkumarkaðarins að öðru leyti, né heldur frá umræðu um heildstæða auðlindastefnu. Því var áhersla lögð á greiningu á stöðunni og þeim úrlausnarefnum sem tengjast eignarhaldi auðlinda og orkufyrirtækja frekar en freista þess að vinna eitt lagafrumvarp.

Starfshópurinn skilar verki sínu í tvennu lagi. Í fyrsta lagi hefur hópurinn þegar skilað iðnaðarráðherra minnisblaði með tillögum um næstu skref hvað varðar eignarhald á HS Orku í samræmi við niðurstöður nefndar um orku- og auðlindamál (sjá viðauka 1). Þar sem opinbert eignarhald annarra mikilvægra orkufyrirtækja er þegar tryggt var ekki ástæða til að fjalla

sérstaklega um þau í ljósi verkefnis hópsins. Eftirfarandi skýrsla er því greining á stöðunni og þeim álitaefnum sem tengjast fyrirkomulagi á orkumarkaði og eignarhaldi orkuvinnslu. Markmið starfshópsins er að skýrsla þessi nýtist við mótun heildstæðrar orku- og auðlindastefnu en nú er þegar unnið að mörgum þáttum hennar samanber eftirfarandi upptalningu:

- Í kjölfar skýrslu nefndar Karls Axelssonar um meðferð jarðhitaauðlinda í eigu ríkisins er unnið að frumvarpi um úthlutun nýtingarréttar og innheimtu auðlindagjalds eða rentu. Þar verður tekið á þáttum á borð við tímalengd leyfa og gjaldtöku.
- Stýrihópur um heildstæða orkustefnu á vegum iðnaðarráðherra hefur skilað lokadrögum í opið samráðsferli.
- Umræða um þjóðareign auðlinda er enn á ný vakin í tengslum við endurskoðun stjórnarskrár enda gerir stjórnlagaráð tillögu um stjórnarskrárákvæði um þjóðareign í anda tillögu Auðlindanefndar frá árinu 2000.
- Móta þarf eigendastefnu ríkisins varðandi orkufyrirtæki. Landsvirkjun hefur kynnt framtíðarsýn fyrirtækisins þar sem fram kemur áætlun um hvernig umframardi af orkuvinnslu verði skilað til þjóðarinnar. Taka þarf afstöðu til þeirrar leiðar sem þar er lögð til.
- Nefnd um endurskoðun raforkulaga er starfandi á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögunum. Hún hefur skilað áfanganiðurstöðum en á senn að ljúka störfum.
- Unnið hefur verið að 2. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu og verndun undanfarin ár og hefur þingsályktunartillaga um verndar- og orkunýtingaráætlun nú verið send í opið samráðs- og kynningarferli. Í framhaldi af því verður hún lögð fram á Alþingi á komandi löggjafarþingi.
- Ríkisstjórnin samþykkti sumarið 2010 áherslur um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi 2010-2013 „Velferð til framtíðar“ en þar er m.a. fjallað um orkulindir landsins.
- Endurskoðun náttúruverndarlaga
- Fullgilding/innleiðing Árósasamnings
- Endurskoðun vatnalaga
- Innleiðing vatnatilskipunar ESB
- Endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins

Skýringar helstu hugtaka

Auðlindarenta/umframardur: Náttúruauðlindir eru jafnan uppspretta auðs. Náttúruauðlindir má skilgreina á tvo vegu, annars vegar sem forði, t.d. í námu, og hins vegar sem afköst á tímaeiningu, t.d. vatnsafl. Afnot auðlindanna geta mynda rentu, þ.e. hagnað umfram það sem eðlilegt er að krefjast í rekstri eða umframard. Sá umframardur sem náttúruauðlindir skapa er nefndur auðlindarenta (e. resource rent).

Orkufyrirtæki: *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

Orkuvinnsla: *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspeni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna sem reka dreifikerfi til almennra notenda eða stöku stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.

Dreifikerfi: Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælur og mælabúnaður hjá notendum.

Stórnotandi: Notandi sem notar á einum stað afl yfir ákveðnum mörkum og með nýtingartíma yfir ákveðnum fjölda stunda á ári samkvæmt skilgreiningu raforkulaga. Stórnotendur tengjast flutningskerfinu beint líkt og dreifiveitur.

I. hluti: Orkugeirinn á Íslandi

Hér verður bæði farið yfir stöðu orkugeirans eins og hún er nú, helstu breytingar á undanförunum árum og sérstöðu íslenska orkumarkaðarins.

Yfirlit yfir eignarhald og lagalega stöðu auðlinda, orkufyrirtækja, flutnings og dreifingar

Í orkumálum koma einkum við sögu fjórir aðskildir þættir sem hver um sig hefur nú skýra stöðu í löggjöf okkar: Auðlindir, orkuframleiðsla, flutningskerfi og dreifikerfi.

Auðlindir

Með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, var gerð sú breyting að auðlindir og eignarhald þeirra var aðskilið orkuvinnslunni. Nú er staðan sú að auðlindir sem eru í opinberri eigu (ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja í eigu þessara aðila) skulu vera það áfram, þ.e. þær má ekki selja varanlega til annarra aðila. Því blasir við að ef t.d. sveitarfélag hyggst selja einkaaðila orkuvinnslu í sinni eigu að hluta eða öllu leyti þá þarf að undanskilja virkjanlegt vatnsafl eða jarðhita yfir ákveðnum mörkum og virkjanaréttindi og tryggja áfram opinbert eignarhald á þessum þáttum.

Orkufyrirtækin

Eignarhald stærstu fyrirtækjanna í orkuframleiðslu er nú sem hér segir:

- Landsvirkjun – ríkiseign. Skilgreind sem ríkiseign í sameignarfélagsformi samkvæmt sérlögum. Fjárlagaheimild þarf til sölu á hlut ríkisins auk breytingar á sérlögum.
- Rarik – ríkiseign. Skilgreind sem ríkiseign í formi hlutafélags samkvæmt sérlögum. Fjárlagaheimild þarf til sölu á hlut ríkisins auk breytingar á sérlögum.
- Orkubú Vestfjarða – ríkiseign. OV hf. var stofnað sem hlutafélag á grundvelli sérlaga. Fjárlagaheimild þarf til sölu á hlut ríkisins.
- Orkuveita Reykjavíkur – eign sveitarfélaga. Skilgreind í sérlögum sem eign sveitarfélaga í sameignarfélagsformi. Samþykki meðeigenda þarf fyrir sölu á hlutum, ákvörðun viðkomandi sveitarstjórna, auk breytingar á sérlögum.
- HS Orka – eign Magma Energy AB. HS Orka hf. var stofnuð sem hlutafélag á grundvelli sérlaga.
- Norðurorka – eign sveitarfélaga. Norðurorka hf. var stofnuð sem einkahlutafélag á grundvelli sérlaga. Til sölu þarf ákvörðun viðkomandi sveitarstjórna.
- Orkuveita Húsavíkur – eign sveitarfélaga. OH ehf. var stofnuð sem einkahlutafélag á grundvelli sérlaga. Til sölu þarf ákvörðun viðkomandi sveitarstjórna.

Af öllum þessum fyrirtækjum er aðeins HS Orka í einkaeigu en fyrirtækið sinnir um 7-8% af raforkuframleiðslu landsins.

Meirihluti orkuvinnslunnar er í eigu ríkisins og stór hluti í eigu sveitarfélaga en vilji ríkisstjórnarinnar er að tryggja enn frekar opinbert eignarhald í mikilvægum orkufyrirtækjum.

Það verkefni að vinda ofan af einkavæðingu í orkuvinnslu nú snýst því aðeins um eignarhaldið á HS Orku en nefnd um orku- og auðlindamál fjallaði ítarlega um möguleg

viðbrögð stjórnvalda við því í 8. kafla skýrslu sinnar. Starfshópur um lagaramma orkuvinnslu hefur þegar skilað sínum tillögum til ráðherra byggðum á niðurstöðum þess kafla samanber minnisblað sem fylgir þessari skýrslu (sjá viðauka 1).

Flutningur og dreifing

Flutningskerfi raforku er í eigu Landsnets sem er 100% í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkisins og orkufyrirtækja í eigu opinberra aðila. Breyting á því kallar bæði á breytingu á sérlögum um Landsnet og heimild í fjárlögum. Samkvæmt breytingu sem gerð var á raforkulögum í mars 2011 skal Landsnet, frá og með 2015, vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.

Áskilið er í lögum að veitufyrirtækin (sérleyfishluta orkufyrirtækja) skuli vera að meirihluta í eigu opinberra aðila.

Breytingar á orkumarkaði á undanförunum árum

Fyrir setningu raforkulaga árið 2003 gegndi Landsvirkjun lykilhlutverki í framleiðslu og flutningi á raforku. Tilgangur Landsvirkjunar var lögum samkvæmt m.a. að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja, byggja og reka raforkuver og megin stofnlínakerfi landsins, annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar og hafa tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Tíu almenningsrafveitur í eigu sveitarfélaga, auk sameignarfyrirtækjanna Hitaveitu Suðurnesja, Orkubús Vestfjarða og ríkisfyrirtækisins Rafmagnsveitna ríkisins, önnuðust dreifingu og smásölu á raforku til endanlegra notenda. Almenningsrafveiturnar voru ekki allar beintengdar raforkuflutningskerfinu heldur voru þær tengdar um dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins og greiddu aukalega fyrir þá þjónustu.

Heimild til veitingar virkjunarleyfa var í höndum Alþingis og iðnaðarráðherra, en ráðherra var falið að ákvarða röð virkjunarframkvæmda. Þá voru samningar um raforkusölu til stóriðju háðir samþykki iðnaðarráðherra. Stærstur hluti raforkuvinnslu var í höndum Landsvirkjunar en almenningsrafveiturnar framleiddu sumar einnig hluta af raforku sinni sjálfar. Orkustofnun annaðist orkurannsóknir og ráðgjöf við stjórnvöld en fór ekki með stjórnsýsluvald. Orkufyrirtækin voru öll undanþegin skattskyldu að stærstum hluta og nutu einnig ýmissa undanþága frá opinberum gjöldum. Fyrirtækin voru öll í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða í sameign ríkis og sveitarfélaga (Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða).

Vatnaskil urðu á skipulagi raforkumála á Íslandi við innleiðingu raforkutilskipunar Evrópusambandsins með setningu raforkulaga nr. 65/2003 sem komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003. Lögin fólu í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku og byggðust á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem höfðu verið að ryðja sér til rúms víða um heim. Meginefni þeirra fólst í því að skilja í sundur sérleyfishluta raforkukerfisins (svokallaða eðlislæga einkasölu þ.e. flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að sjálfsagt væri að færa sér í nyt á Íslandi þessi nýju sjónarmið og reynslu annarra, þótt hér eins og annars staðar þyrfti jafnframt að taka mið af aðstæðum. Það yrði best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður samkeppnis- og einkasölupátta væri þar höfuðatriði.

Í ríkjum Evrópusambandsins hafði þróunin grundvallast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Varð sú tilskipun hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn og í þeirri ákvörðun fékk Ísland bæði tveggja ára aðlögunarfrest til að innleiða raforkutilskipunina og sömu möguleika og lítil og einangruð svæði til að sækja um undanþágu frá tilteknum köflum tilskipunarinnar (öðrum en lúta að raforkuvinnslu), þ.e. ef sýnt væri fram á að veruleg vandkvæði væru á lögfestingu viðkomandi ákvæða tilskipunarinnar.

Í tengslum við innleiðingu raforkutilskipunarinnar, með setningu raforkulaga, urðu grundvallarbreytingar á regluverki og stjórnsýslu raforkumála. Má þar nefna að leyfisveitingarvald var fært frá Alþingi til iðnaðarráðherra og Orkustofnun falið stjórnsýsluhlutverk. Í maí 2004 voru samþykkt lög um stofnun Landsnets hf. sem falið var að sjá um flutning raforku frá orkuframleiðendum til kaupenda, hvort sem er til dreifiveitna eða stóriðju, og annast stýringu og gæslu raforkukerfisins. Hið nýja fyrirkomulag raforkumála hafði auk þess í för með sér að skipulag raforkufyrirtækjanna breyttist umtalsvert. Fyrirtækin hafa sameinast og einingarnar stækkað en í dag eru dreifiveiturnar sex talsins (Orkuveita Reykjavíkur, HS Veitur, Rarik, Orkubú Vestfjarða, Norðurorka og Rafveita Reyðarfjarðar). Dreifiveiturnar eru allar beintengdar flutningskerfi Landsnets en óarðbærar rekstrareiningar í kerfinu hafa verið teknar út og eru niðurgreiddar af ríkissjóði. Með þessu hefur jöfnun verið aukin til muna í kerfinu en einnig hefur gagnsæi verið aukið. Í aðdraganda þessara breytinga og kjölfar þeirra hafa orðið miklar breytingar á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækjanna.

Framundan er innleiðing á þriðju raforkutilskipun Evrópusambandsins (2009/72/EB) þar sem m.a. eru gerðar enn ríkari kröfur varðandi sundurgreiningu flutningskerfa frá öðrum rekstri. Í tengslum við fyrirhugaða innleiðingu þeirrar tilskipunar er afstaða íslenskra stjórnvalda sú að sækja um allar þær undanþágur sem tilskipunin hefur að geyma og þá sérstaklega staðfestingu á því að Ísland sé lítið og einangrað kerfi í skilningi tilskipunarinnar.

Breytingar á eignarhaldi orkufyrirtækja á undanförunum árum

Helstu breytingar á eignarhaldi orkufyrirtækja á undanförunum árum hafa verið í þá átt að ríkið hefur verið að kaupa orkufyrirtæki af sveitarfélögum. Beint eignarhald ríkisins hefur því farið vaxandi og má í því sambandi nefna Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða. Þá keypti ríkisfyrirtækið Rarik einnig dreifiveitur af sveitarfélögum. Ítarlega er farið yfir helstu breytingar hvað þetta varðar í Viðauka 2.

Megin undantekningin frá þessari þróun er sala sveitarfélaga á eignarhlutum í Hitaveitu Suðurnesja til einkafyrirtækisins Geysis Green Energy. Eins og fram kom hér að ofan og í yfirliti í Viðauka 2 má rekja þá sölu til þess að þegar orkuvinnsla var skilgreind sem samkeppnisrekstur ákvað ríkið að selja 15,2% eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja og áskilið var að íslensk orkufyrirtæki í opinberri eigu eða dótturfélög þeirra mættu ekki bjóða í hlutinn.

Einkafyrirtækið Geysir Green Energy (GGE) átti hæsta tilboð í hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (rúma 7,6 milljarða kr.). Stjórn HS ákvað að nýta ekki forkaupsrétt sinn en þrír hluthafar, Hafnarfjarðarbær, Reykjanesbær og Grindavíkurbær, ákváðu að nýta sér allan forkaupsréttinn og gengu inn í samning ríkisins og GGE. Mikil viðskipti fóru af stað með hlutabréf í HS þegar Vestmannaeyjar, Sandgerði, Garður, Vogar, Árborg og Kópavogur seldu

GGE bréf sín að mestu og Reykjanesbær þann hluta sem hann keypti af hlutabréfum ríkissjóðs. Grindavík seldi Orkuveitu Reykjavíkur nánast öll sín bréf svo og þau bréf ríkissjóðs sem hann hafði keypt og það gerði Hafnarfjörður einnig. Þessar sölur voru allar háðar forkaupsréttarákvæðum. Samkeppnisyfirvöld úrskurðuðu síðar að OR mætti ekki eiga meira en 10% hlut í HS. OR ákvað í framhaldinu að leita kaupanda að eignarhlut sínum.

Í ársbyrjun 2008 var staðan því sú að einkafyrirtækið Geysir Green Energy átti 32% hlut í Hitaveitu Suðurnesja og þar með hluta í bæði jörðum og auðlindum fyrirtækisins og veitukerfi. Við þessu var brugðist með nýjum lögum frá Alþingi, nr. 58/2008 þar sem markmiðið var að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Var það gert til að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem voru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, héldust áfram í eigu þessara aðila. Þótt lögin næðu í raun ekki yfir þær auðlindir sem þá þegar voru komnar að hluta í eigu einkafyrirtækisins Geysis Green lýstu allir eigendur Hitaveitu Suðurnesja því yfir að þeir myndu fara með auðlindirnar í samræmi við hin nýju lög. Því var það hluti af viðskiptunum milli Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar annars vegar og Geysis Green Energy hins vegar og uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja í HS Orku og HS Veitur að sveitarfélögin leystu til sín jarðir og þar með auðlindir í jörðu.

Sumarið 2009 kom Magma Energy til sögunnar og gerði samning við Geysi Green Energy um kaup á tæplega 11% hlut í HS Orku auk skuldbindingar um að leggja fram aukið hlutafé. Þá seldi Orkuveita Reykjavíkur, Magma hlut sinn í HS Orku. Í árslok eignaðist Geysir Green meirihluta í HS Orku með kaupum á 34% hlut Reykjanesbæjar og gekk um leið frá yfirfærslu á 8,6% hlut til Magma Energy. Geysir Green og Magma voru þá orðnir stærstu hluthafar í HS Orku.

Viðskiptunum lauk svo með því um mitt ár 2010 að Magma Energy Sweden AB keypti allan eignarhlut Geysis Green Energy í HS Orku og á eftir það 98,53% af fyrirtækinu.

Sérstaða orkugeirans á Íslandi

Orkugeirinn á Íslandi hefur nokkra sérstöðu sem stafar einkum af tvennu:

- Bæði framleiðsla raforku og öflun orku til húshitunar byggist á leyfum til nýtingar náttúruauðlinda sem eru að stærstum hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga.
- Aðeins um 17% af raforkuframleiðslu á Íslandi eru vegna þarfa dreifiveita sem sjá almenningi og almennu atvinnulífi í landinu fyrir orku. 83% eru vegna beinna sölusamninga orkufyrirtækjanna við fáa stórnotendur. Af þessu leiðir að raforkukerfið á Íslandi, bæði framleiðslan í heild og flutningskerfið, er hlutfallslega mjög stórt samanborið við önnur lönd eða svæði með sambærilegan fjölda notenda.

Til viðbótar er rétt að hafa í huga að þetta hlutfallslega stóra raforkukerfi er einangrað í þeirri merkingu að það er lokað og ekki tengt raforkumarkaði Evrópu.

Tengsl skipulags á orkumarkaði og eignarhalds

Eins og rakið var í yfirliti yfir helstu breytingar á orkumarkaði á undanförunum árum var ákveðið að fara þá leið að skilgreina orkuvinnslu og –sölu sem samkeppnisgrein og aðskilja þá þætti frá sérleyfis- eða einkasölupáttum sem eru flutningur og dreifing.

Slíkt fyrirkomulag kallar eitt og sér ekki á breytingar á eignarhaldi orkufyrirtækjanna eins og blasir við þegar litið er til orkumarkaðarins í Noregi. Þar er orkuframleiðsla og orkusala skýrt skilgreind sem samkeppnisgrein á meðan flutningi og dreifingu er skipt í þrjú svið og haldið aðskildu í sér félögum. En ekkert orkufyrirtæki hefur verið einkavætt. Þarna er því búið að markaðs- og samkeppnisvæða orkuvinnslu- og sölu í samræmi við raforkutilskipun ESB án einkavæðingar orkufyrirtækjanna enda ekki fjallað um eignarhald þeirra í umræddri tilskipun.

Í Bretlandi voru fyrirtæki á sviði flutnings og dreifingar einkavædd auk framleiðslufyrirtækjanna. Þar með var eðlislæg einkasala einkavædd að hluta svo e.t.v. má þar tala um einkavæðingu án markaðs- og samkeppnisvæðingar.

II. hluti: Megininntak lagaramma um orku og auðlindir

Í drögum að Orkustefnu fyrir Ísland sem stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu hefur unnið (sjá <http://www.orkustefna.is>) er farið ítarlega yfir meginmarkmið hennar og þau tæki sem beita má til að ná slíkum markmiðum. Þar var fyrst sett fram eftirfarandi leiðarljós:

Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.

Svo eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið sem skýrð eru nánar í sérstökum köflum:

Orkuþörf almennings og almenns atvinnulífs verði mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma.

Við nýtingu orkuauðlinda verði borin virðing fyrir umhverfi, náttúru og sérkennum landsins.

Þjóðin njóti arðs af sameiginlegum orkuauðlindum.

Þjóðhagsleg framlegð orkubúskaparins verði háværkuð.

Orkuframboð henti fjölbreyttu atvinnulífi.

Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis eins og kostur er.

Skynsamleg nýting auðlinda með framtíðarhagsmuni í huga

Skynsamleg nýting með framtíðarhagsmuni í huga felur í sér ákveðið jafnvægi milli nýtingar til verðmætasköpunar og verndunar þannig að ekki sé gengið á auðlindir og þar með hagsmuni komandi kynslóða. Hér er í raun verið að fjalla um hina þrjá þætti hugtaksins sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfislega, félagslega og hagræna þætti:

- Hagræni þátturinn snýst um hvar arðurinn af nýtingu lendir og til hvers auðlindir séu nýttar, að það sé gert með skilvirkum hætti og þannig að nýtingin stuðli að stöðugleika í samfélaginu.
- Félagslegi þátturinn snýst um hversu lýðræðislega ákvörðunum um nýtingu, stjórn og eftirlit auðlindanna er háttáð og jafnframt um það að nýting efli öryggi og velferð samfélagsins. Þetta tengist að sjálfsögðu eignarrétti auðlindanna og hvernig honum er skipt og fyrir komið.
- Umhverfislegi þátturinn snýst um að koma í veg fyrir ágenga orkuvinnslu og tryggja að verðmæti óspilltrar náttúru s.s. vistkerfisþjónusta séu metin að verðleikum.

Skynsamlegasta fyrirkomulag orkumarkaðar er þá það sem best tryggir þetta samspil. Fjallað verður um þessa þætti hér á eftir og tengsl þeirra við lagaramma á orkumarkaði.

Lagarammi umhverfismála

Mikilvægt er að lagaramminn sem tryggir ábyrga nýtingu orkuauðlinda sé óháður fyrirkomulagi orkumála að öðru leyti. Í því felst að ævinlega séu gerðar sömu kröfur hvað varðar mat á umhverfisáhrifum virkjana, rannsóknir til grundvallar virkjanaleyfi, eftirlit og möguleg viðurlög vegna brota, óháð því hvort rannsóknar- eða virkjunaraðili er opinbert fyrirtæki eða einkaaðili. Allt regluverk umhverfismála og eftirlit með nýtingu á að vera „blint“ á eignarhald eða hagsmuni eigenda viðkomandi virkjana.

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða

Í maí 2011 voru lögfest á Alþingi lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Með þeim lögum er kveðið á um réttarstöðu Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar skilaði niðurstöðum sínum um 2. áfanga rammaáætlunar í byrjun júlí sl. og í framhaldinu hafa drög að þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun verið send í opið kynningar- og samráðsferli. Í þingsályktunartillögunni er 69 virkjanakostum á landinu raðað eftir einkunn út frá niðurstöðum fjögurra faghópa, sem báru yfirskriftina:

- Náttúra og menningarminjar
- Ferðapjónusta, útivist og hlunnindi
- Þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaðróun
- Orkulindir og virkjunarkostir

Í samræmi við lög nr. 48/2011 er virkjanakostunum raðað í þrjá flokka í þingsályktunartillögunni: Orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Sjá nánar á www.rammaaaetlun.is.

Eftirlit með virkjunarleyfum og viðurlög

Samkvæmt núgildandi raforkulögum skal í virkjunarleyfi m.a. tilgreina stærð virkjunar og afmörkun virkjunarsvæðis, öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir ásamt öðrum atriðum sem lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögunum. Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni við orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins. Svo segir að í leyfi skuli kveða á um önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögunum. Þar er möguleiki að kveða nánar á um ýmis atriði sem hugsanlega eru sérsniðin að tilteknu svæði.

Í gildandi reglugerð um framkvæmd raforkulaga er kveðið á um að ráðherra skuli eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisáðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda án þess að það sé skilgreint nánar og að varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda. Slíkar áðgerðir eða skilyrði skulu vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geta m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknnum, upplýsingaskilum, framkvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum.

Fari leyfishafi ekki eftir skilyrðum reglugerðarinnar eða skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

Öll þessi ákvæði raforkulaga og reglugerðar eiga við óháð eignarhaldi virkjunar.

Lagarammi um hagræna þáttinn

Hagræni þátturinn í sjálfbærri þróun snýst um hvar arðurinn af nýtingu lendir, að auðlindir séu nýttar á skilvirkan hátt og nýtingin stuðli að stöðugleika í samfélaginu. Líta þarf til alls þess þegar fjallað er um lagaramma orkumála. Hér verður fjallað um nokkrar útfærslur á ráðstöfun arðs sem hlýst af orkunýtingu.

Arður af orkunýtingu

Úthlutun takmarkaðra gæða eða aðgangs að nýtingu auðlinda skapar verðmæti – nýtingarrétturinn fær verð. Lykilspurningin er sú hvernig þeim verðmætum sem þannig verða til er dreift milli hagsmunaaðila, þ.m.t. almennings, sem geta gert tilkall til þeirra. Svárið við því liggur m.a. í því hvernig nýtingarréttargjald er innheimt og hvernig því er ráðstafað.

Í þessari umræðu er mikilvægt að greina á milli tvennskonar merkingar hugtaksins arður. Venjulegur arður getur myndast í öllum atvinnurekstri vegna fjárfestingar, þekkingar, reynslu og útsjónarsemi rekstraraðila og eigenda. Þessi arður rennur að stórum hluta til eigenda/fjárfesta/lánveitenda en skilar samfélaginu miklum óbeinum arði með atvinnu, tekjum, aukinni eftirspurn, afleiddum störfum og sköttum og gjöldum.

Umframardur er sá hluti arðs sem stafar beinlínis af heimild til nýtingar á takmörkuðum auðlindum/gæðum. Fjölmargir aðilar í virðiskeðjunni gera tilkall til þessa hluta enda hægt að ákvarða útteilingu hans með ýmsum hætti.

Hagsmunaaðilar sem gera tilkall til umframardörsins í orkumálum eru

- Lánardrottinn orkufyrirtækjanna
- Eigendur orkufyrirtækjanna
- Kaupendur orkunnar
- Eigendur auðlindanna eða gæðanna (t.d. sveitarfélög og aðrir landeigendur)
- Sveitarfélög
- Ríkið f.h. þjóðarinnar

Grundvallarákvarðanir um fyrirkomulag auðlinda- og orkumála hafa bein áhrif á hvernig þessum umframardi er ráðstafað. Almenn fá lánardrottinn sinn skerf óháð öllu öðru svo þeirra hlutur verður ekki ræddur frekar. En eftirfarandi eru nokkur dæmi sem skýra mismunandi leiðir:

1. dæmi: Ekkert auðlinda- eða nýtingargjald innheimt

Umframardurinn vegna nýtingarréttarins rennur til eigenda orkufyrirtækjanna sem geta ýmist tekið hann út eða ráðstafað honum til kaupenda orkunnar í formi lægra orkuverðs en hægt væri að bjóða ef auðlinda- eða nýtingargjald væri greitt.

Nefnt hefur verið sem dæmi til einföldunar að á undanförunum áratugum hafi arðinum verið beint til stóriðjunnar til að laða hingað fjárfestingu og skapa störf auk þess sem almennir kaupendur hafi notið hans í formi lægra raforkuverðs en í nágrannalöndunum.

Sé þessi leið farin með orkuauðlindir skiptir eignarhald orkuvinnslunnar augljóslega mestu máli varðandi útteilingu umframardörsins. Áætlanir Landsvirkjunar um hækkandi orkuverð gefa fyrirheit um að fyrirtækið gæti á næstu áratugum skilað ríkissjóði, eiganda sínum, gífurlegum arði af virkjunum sínum. Orkufyrirtækin virðast almennt sjá fyrir sér að orkuverð

hækki, enda er endurnýjanleg orka afar verðmæt, þannig að umframariðnum verður ekki lengur útteilt í formi lágs orkuverðs.

Það sama á við um eigendur annarra orkufyrirtækja í landinu, hvort sem þeir eru innlendir eða á EES-svæðinu eins og heimilt er. Þessi leið vekur því nær örugglega umræður um eignarhald orkufyrirtækjanna og innheimtu eigenda þeirra á auðlindarentunni eða umframariðnum.

2. dæmi: Eigandi auðlindar innheimtir nýtingargjald

Þessi leið er í raun sú sem lögð er til í skýrslu nefndar forsætisráðherra um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins sem skilaði af sér í mars 2010. Hér á landi er stór hluti orkuauðlinda í eigu ríkis og sveitarfélaga en takmarkaður hluti er í einkaeign. Með lögum 58/2008 er búið að banna sölu auðlinda úr opinberri eigu (ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja þessara aðila) til einkaaðila.

Með því að taka almennt upp nýtingargjald væri ríkið og þau sveitarfélög sem eiga auðlindir að taka stóran hluta umframariðsins í gegnum slík gjöld. Í stað þess að láta orkufyrirtækin skila honum að mestu í lægra orkuverði til allra notenda eða í formi arðgreiðslna til eigenda orkufyrirtækjanna eru það eigendur auðlindarinnar sem ráðstafa honum. Ríki og sveitarfélög gætu þá nýtt hann til samfélagslegra verkefna sem annars væru fjármögðuð með öðrum álögum.

Gjald fyrir auðlindanýtingu má útfæra með ýmsum hætti. Ákveðinn hluti getur verið fast gjald þar sem eigandi auðlindar fær til baka umhverfis- og skipulagskostnað vegna virkjanaframkvæmda. Sjálft nýtingarréttargjaldið getur verið fast gjald á ári, tengt orkuframleiðslunni eða þá að tekinn er ákveðinn hluti arðs af viðkomandi virkjun. Leggja má á eins konar tryggingagjald sem myndi ganga upp í kostnað vegna slæms frágangs á mannvirkjun eða umgengni á virkjanastað en fengist ella endurgreitt. Þá getur hluti verið ákvarðaður með útboði, þ.e. þegar fleiri en eitt orkufyrirtæki lýsir áhuga á að nýta viðkomandi orkulind. Þegar form auðlindanýtingargjalds er ákveðið þarf að taka mið af því hvers konar hvata það skapar til hagkvæmrar og ábyrgtrar nýtingar og umgengni um viðkomandi auðlind.

Sé þessi leið farin er eignarhald auðlindarinnar sjálfrar lykilatriði enda eigandi hennar sem nýtur stærsta hluta umframariðsins af nýtingu. Spurningar geta vaknað um mismandi stöðu og tækifæri sveitarfélaga eftir afstöðu til auðlinda auk þess sem hagsmunir einstakra svæða hafa hugsanlega áhrif á hvar ráðist er í orkuvinnslu frekar en litið sé til heildarmyndar af hagstæðustu virkjanakostum.

3. dæmi: Auðlindagjald innheimt í formi skatta v. nýtingar

Þessi leið byggir á þeirri hugmynd að orkuauðlindir, hvort sem er jarðvarmi eða fallvötn, séu með ákveðnum hætti sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar þannig að ríkið, fyrir hönd þjóðarinnar, innheimtir nýtingargjald í sameiginlega sjóði. Ráðstöfun geti verið öll á hendi ríkisins eða að hluta sveitarfélaganna en með þessu móti má leggja höfuðáherslu á heildarhagsmuni.

Sé þessi leið farin minnkar vægi eignarhalds bæði auðlindanna sjálfra og orkufyrirtækjanna. Hvað varðar útteilingu umframariðsins og raforkuverð á það sama við og með auðlindagjald innheimt af eiganda. En spurningar vakna um hver sé hvati eigenda auðlinda, sem teljast ákjósanlegir virkjanakostir út frá hagsmunum umhverfis, samfélags og þjóðarhags, til að leggja í kostnað og skipulagsvinnu sem þarf til að þeir verði nýttir, séu þeir eigendur aðrir en ríkið.

4. dæmi: Blönduð leið

Til að veða á móti helstu göllum hveftrar leiðar fyrir sig má blanda þeim saman í ýmsum hlutföllum. Eigandi gæti fengið fast gjald til að veða á móti kostnaði við rannsóknir og umhverfiskostnað vegna nýtingar. Þá fær eigandi líka hluta auðlindarentu en ríki og sveitarfélög eða svæðissamtök sveitarfélaga taka hluta umframarsins í gegnum skatta á auðlindanýtingu.

Með þessu má freista þess að samræma hagsmuni eigenda auðlindar, sveitarfélaga og ríkisins eða heildarhagsmunina. Fara þarf vandlega yfir kosti og galla mismunandi vægis einstakra þátta þannig að jafnvægi náist miðað við alla þætti sjálfbærni og að auðlindir séu nýttar á hagkvæman hátt til verðmætasköpunar og standi þannig undir bættum lífskjörum til framtíðar. Oftaka auðlindarentu hefði að líkindum annað hvort í för með sér stórhækkun orkuverðs eða að hagkvæmir virkjanakostir til verðmætasköpunar yrðu ekki nýttir.

Lagarammi um félagslega þáttinn

Þegar rætt er um félagslega þáttinn í þessu samhengi er átt við umfjöllun um eignarhald og yfirráð orkuauðlinda og orkufyrirtækja. Það viðfangsefni verður ekki með góðu móti aðskilið öðrum þannig að margt sem snertir þennan hátt hefur einnig verið rætt hér að framan. Hér verður því einkum staldrað við spurningar sem varða áhrif eignarhalds orkuauðlinda, úthlutun nýtingarréttar og hver beri áhættuna af orkuvinnslu. Þá er því velt upp hvernig áhersla á lýðræðislegt umboð til stefnumótunar í gegnum opinbert eignarhald fer saman við viðskiptalegar forsendur ákvarðana.

Ákvörðun um nýtingu og tilgang hennar

Meðal mikilvægustu spurninga um orkuvinnslu er hvernig staðið er að ákvörðunum um virkjanir og í þágu hvaða verkefna virkjanir eru reistar. Þar sem innan við fimmtungur af raforkuframléiðslunni er til að mæta þörfum almennra notenda er ljóst að frekari vöxtur mun verða til að uppfylla aðra sölusamninga um orkuafhendingu. Í umræðum um eignarhald orkuauðlinda og orkufyrirtækja er eignarhaldið gjarnan tengt því hvernig ákvarðanir um virkjanir og ekki síður kaupendur eru teknar. Hvaða sjónarmið eiga að liggja til grundvallar? [Athugið að í umfjölluninni hér á eftir er til einföldunar gengið út frá því að umhverfisþátturinn sé virtur og að um sé að ræða virkjanakosti sem ekki eru taldir hafa óafturkræf eða óásættanleg áhrif á umhverfi.]

Í umræðum um stórfamkvæmdir og frekari virkjanaframkvæmdir hafa komið fram ólík sjónarmið. Ákvörðun Landsvirkjunar um orkusölusamning til Alcoa Fjarðarál og byggingu Kárahnjúkavirkjunar var til dæmis gagnrýnd á þeim forsendum að ákvörðunin væri pólitísk fremur en viðskiptaleg og arðsemi virkjunarinnar yrði lítil sem engin, ekki síst ef umhverfiskostnaður væri reiknaður með. Samskonar gagnrýni hefur ítrekað komið fram á undanförunum árum, þ.e. að verið sé að taka pólitískar ákvarðanir byggðar á fjölgun starfa á ákveðnum svæðum og binda þar með nýtingu verðmætra orkuauðlinda til langs tíma með of lítilli arðsemi. Samkvæmt þessu sjónarmiði er mikilvægt að ákvarðanir séu í ríkari mæli teknar út frá forsendum sjálfbærrar þróunar þar sem litið verði til bæði hagrænna, umhverfislegra og félagslegra þátta. Náist t.d. ekki viðunandi orkuverð og arðsemi er samkvæmt þessu ekki farið út í framkvæmdina og hið sama á við ef umhverfisáhrif eru óásættanleg.

Gagnrýni á leigu nýtingarréttar orkuauðlinda til orkufyrirtækja í einkaeigu eða aukin hlutdeild einkaaðila í orkufyrirtækjum hefur svo aftur á móti byggst á því að með slíku fyrirkomulagi sé

verið að færa mikilvægar samfélagslegar ákvarðanir frá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum. Samfélagið, hvort sem er sveitarfélagið eða ríkið, hafi ekki lengur ákvörðunarvald um það til hvers orkuauðlindir séu nýttar. Samkvæmt þessu sjónarmiði er mikilvægt að ákvarðanir séu teknar út frá metnum heildarhagsmunum þar sem fleiri þættir eru vegnir inn en arðsemi orkufyrirtækisins af einstakri framkvæmd.

Hér er í raun um að ræða sígilt viðfangsefni sem varðar sambúð stjórn mála og viðskipta. Þegar litið er til þess að orkuvinnsla og orkusala er skilgreint samkeppnissvið samkvæmt íslenskum lögum vaknar líka sú spurning hver eigendastefna ríkis og sveitarfélaga eigi að vera gagnvart sínum orkufyrirtækjum og hvort og þá hvernig stefna þeirra á öðrum sviðum, svo sem atvinnustefna, byggðastefna og áætlanir um uppbyggingu, eigi að birtast í ákvörðunum orkufyrirtækjanna sjálfra. Þessari spurningu þarf að svara jafnvel þótt ákveðið yrði að breyta skipulagi raforkumarkaðar í grundvallaratriðum og skilgreina vinnslu og sölu ekki lengur sem samkeppnissvið.

Dæmi: Stjórnvöld, sveitarfélög eða landshlutasamtök sveitarfélaga geta sett sér metnaðarfulla atvinnustefnu um aukna fjölbreytni og umhverfisvæna hátækni. Hægt er að beita ívilnunum, skipulagi og öðrum þáttum til að fylgja henni eftir. Byggist hugmyndin á nýtingu endurnýjanlegrar orku þarf að svara því hvernig stefnan tengist orkugeiranum. Er það með samkomulagi opinberra aðila og orkufyrirtækja um orkuframboð til ákveðinna þarfa eða beinu ákvörðunarvaldi opinberra aðila innan orkufyrirtækjanna? Eða jafnvel með skilyrðum sem orkufyrirtækjunum eru sett þegar nýtingarleyfum er úthlutað, þ.e. byggt á auðlinda-samningunum sjálfum? Fjallað verður nánar um yferráðarétt auðlindanna í næsta kafla.

Áhrif eignarhalds auðlinda

Með lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, yfirleitt nefnd auðlindalögin, varð bæði grunnvatn og jarðhiti að eign þess landeiganda sem á landið fyrir ofan, óháð því dýpi sem viðkomandi auðlindir eru á.

Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpi að lögum nr. 58/2008 er birt mat Orkumálastjóra á skiptingu eignarhalds á háhita á Íslandi með fyrirvara um breið vikmörk. Talið var að um 46% háhitans væri í þjóðlendum, 42% í annarri opinberri eigu (sveitarfélög og ríkisjarðir) og 12% í einkaeigu.

Starfshópurinn hefur ekki fundið sambærilegt mat á eignarhaldi vatnsréttinda í virkjanlegu fallvatni. En ef litið er á eignarhald orkuvinnslunnar (nýtingarréttarhafa) árið 2008 er myndin sú að af um 12.330 GWh framleiðslu raforku með fallvatni voru yfir 12.240 GWh eða tæplega 99,3% framleidd af orkufyrirtækjum í opinberri eigu. Ýmsir einkaaðilar framleiddu 91 GWh eða rúmlega 0,7%. Hluttur ríkisins er yfirgnæfandi. Ríkisfyrirtækin Landsvirkjun, Orkusalan, Orkubú Vestfjarða ráða samtals 12.200 GWh eða 99%. Sveitarfélagafyrirtækin OR, Rafveita Reyðarfjarðar og Fallorka voru samanlagt með 40 GWh raforku framleiddrar með fallvatni eða rúmlega 0,3% af heildarframleiðslunni.

Allt frá upphafi 20. aldar hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja eignarhald og yferráðarétt innlendra aðila yfir orkuauðlindunum eins og ítarlega er rakið í skýrslu nefndar forsætisráðherra um orku- og auðlindamál sem út kom í september 2010. Inn í þá áherslu spila þættir á borð við að þjóðin njóti sjálf arðsins af auðlindum sínum og taki ákvarðanir um nýtingu þeirra í eigin þágu en ýmsar spurningar því tengdar hafa verið ræddar hér að framan.

Áhersla á innlent eignarhald byggist á þeirri forsendu að umtalsverð völd fylgi eignarrétti auðlinda og því þurfi það vald að vera innlent til að tryggja innlenda hagsmuni. En þar sem

auðlindirnar eru ekki allar í sameiginlegri eigu eins og bent er á hér að framan vaknar sú spurning hvornig heildarhagsmunir verði best tryggðir því ekki er víst að hagsmunir eiganda fari saman við skilgreinda heildarhagsmuni. Því er eðlilegt að ræða hvaða völd fylgja eignarrétti auðlinda. Í kaflanum um dreifingu arðs af auðlindum er m.a. vikið að þeim möguleika að eigandi innheimti auðlindarentu og fái þannig til sín hluta umframárðs af nýtingu sinnar auðlindar. En í ljósi umræðu um ákvarðanir um hvort auðlindir séu nýttar og þá í hvaða tilgangi eða fyrir hvaða kaupendur vakna líka spurningar. Hefur eigandi auðlindar til dæmis heimild til að skilyrða leyfi til orkuvinnslu með öðrum kvöðum en snúa beint að umgengni við auðlindina, umhverfiskostnað og skil á auðlindarentu? Skilyrði eiganda auðlindar við úthlutun nýtingarleyfa og gerð leigusamninga um nýtingarrétt geta falist í ýmsu, svo sem kvöðum um að tiltekið magn orku verði nýtt á tilteknu svæði og kvöðum um ýmsar aðgerðir tengdar atvinnuuppbyggingu eða innviðum. Sumar kvaðir gætu stangast á við hagsmuni annarra svæða eða meiri hagsmuni. Stór verkefni eða klasi smærri verkefna sem skipta máli fyrir þjóðarþíð í heild gætu átt í erfiðleikum með að fá næga orku á réttum tíma á sama tíma og aðgengileg orka er bundin ákveðnu svæði.

Áður hefur verið vikið að atvinnustefnu og framtíðarsýn stjórnvalda um uppbyggingu og nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar í þágu landsmanna. Rétt eins og í tilfelli orkufyrirtækjanna og þeirra mismunandi hagsmuna þarf að líta til þess hvornig hagsmunir sveitarfélaga, svæða og heildar fara saman þegar verið er að taka ákvarðanir um samninga um nýtingu orkuauðlinda til langs tíma.

Í þessu tilfelli þarf að hafa í huga að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er afar sterkur, ekki síður en réttur þeirra til að ráðstafa eigin eignum að vild. Sem dæmi má nefna að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðist gegn því að nokkurt þak yrði sett á hámarkslengd mögulegra leigusamninga um nýtingarrétt auðlinda þegar verið var að setja lög nr. 58/2008, og taldi það skerða umráðarétti sveitarfélaga yfir eignum sínum. Til vara var lagt til að þakið yrði 99 ár. Málamiðlunin sem loks náðist var 65 ár en samningar byggðir á þeirri lagaheimild hafa verið gagnrýndir fyrir að vera til of langs tíma. Í apríl 2011 mælti iðnaðarráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923 og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem gert er ráð fyrir styttri nýtingartíma. Frumvarpið var ekki afgreitt á 139. löggjafarþingi og er til meðferðar hjá iðnaðarnefnd.

Úthlutun nýtingarréttar

Eitt af mörgum viðfangsefnum er sú spurning hvornig eigendur auðlindar úthluta nýtingarrétti. Í lögum er áhersla lögð á að það sé gert með gagnsæjum hætti.

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins frá því í mars 2010 er lagt til að þar sem fleiri en eitt orkufyrirtæki sýni áhuga séu þau látin bjóða í. Á litlum markaði þar sem bæði eru fá orkufyrirtæki og fáir virkjanakostir til útboðs á hverjum tíma er óvíst að útboð skili árangri. Auk þess eru fæstir virkjanakostir á sviði jarðvarma fullrannsakadir þannig að orkugeta sé þekkt þegar verið er að úthluta rannsóknarleyfum. Forsendur tilboða á því stigi eru því óljósar.

Önnur leið til úthlutunar nýtingarréttar er að efna til eins konar samanburðarútboðs, stundum kallað „fegurðarsamkeppni“, þar sem áform og hugmyndir orkufyrirtækja um uppbyggingu eru kannaðar og gengið til samninga á þeim grundvelli. Í slíkum tilfellum þarf að huga vel að gagnsæisþættinum.

Á orkumarkaði þar sem vinnsla og sala er skilgreint samkeppnissvið vakna ýmsar spurningar vegna orkufyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga sem nýta jafnframt auðlindir í sömu eigu.

Tímalengd nýtingarréttar er annað viðfangsefni en tiltölulega einfalt samanborið við margt annað. Verkefnið er að finna út þann tíma sem hámarkar hagsmuni bæði eiganda auðlindar og þess sem nýtir, skapar hvorki hvata til ágengrar nýtingar né hækkar ávöxtunarkröfu fjárfestingar í virkjunum þannig að það hækki orkuverð með óeðilegum hætti. Þá þarf að huga að þáttum á borð við „leigjendavanda“.

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins frá því í mars 2010 er bent á að hafa megi upphafsleigutíma skemmri en heimilt er samkvæmt núgildandi lögum en styrkja á móti rétt leigutaka til að fá framlengingu að því gefnu að umgengni um auðlind og mannvirki sé góð. Þannig skapast hvati til góðrar samvinnu og ábyrgrar nýtingar. Kanna þarf sérstaklega hvernig slíkar lausnir falla að samkeppnisreglum, t.d. EES-rétti.

Dreifing áhættu af orkuvinnslu og uppskipting markaðarins

Orkukerfið er hluti af grundvallarinnviðum samfélagsins og því kalla margir eftir tryggri samfélagslegri eign, ekki bara flutningskerfis og dreifiveitna heldur einnig orkuvinnslunnar. Ósk um stöndug orkufyrirtæki sem hafi það hlutverk að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir öruggri orku á hagstæðum kjörum er eðlilega sterk.

Hér á landi er staðan nokkuð óvanaleg eins og að framan er getið þar sem innan við fimmtungur raforkuframleiðslu þjónar þörfum almennra notenda, almennings og allra fyrirtækja annarra en stórnotenda. Yfir 80% fer til fárra stórnotenda sem semja sérstaklega beint við orkufyrirtækin. Stærstur hluti fjárfestinga síðustu ára og nær öll áhersla á frekari uppbyggingu í orkugeiranum er vegna samninga við stórnotendur. Áhætta vegna þeirrar uppbyggingar annars vegar og þjónustu við almenning og atvinnulíf annað en stórnotendur er hins vegar ekki aðgreind.

Þegar fram kemur krafa um samfélagslegt eignarhald á mikilvægustu orkufyrirtækjum er eðlilegt að spurt sé hvort um sé að ræða orkufyrirtækin í heild eða orkufyrirtæki sem duga fyrir öllum þörfum almannaveitanna og hafa ákveðnum skyldum að gegna. Í þessu samhengi má benda á að hagsmunir orkufyrirtækjanna af sem hæstu raforkuverði til stórkaupenda þurfa ekki að fara saman við hagsmuni almennings af lægra orkuverði.

Þessu tengist umræða um áhættu af fjárfestingum í orkugeiranum. Orkuöflun krefst mikilla fjárfestinga og í kjölfar heimskreppunnar má reikna með að fjármögnun verði dýrari og að stærri hluti framkvæmda verði fjármagnaður með eigin fé. Sé samfélagslegt eignarhald skilyrði orkuvinnslu er ljóst að skattborgararnir bera áhættuna af stórframkvæmdum sem ráðist er í eingöngu á viðskiptalegum grunni.

Áhætta og bundið fé í orkumannvirkjum er einnig atriði sem hafa þarf í huga þegar rætt er um að hverfa alveg frá aðgreiningu orkumarkaðar í vinnslu, flutning og dreifingu og skilgreiningu vinnslu og sölu sem samkeppnishluta. Þá væri horfið til svæðisskipts orkumarkaðar með samþættum orkufyrirtækjum. Samspil slíks fyrirkomulags og orkugeira þar sem yfir 80% vinnslu er vegna sölusamninga við stórnotendur er þáttur sem skoða þarf sérstaklega.

Undanfarið hefur sú leið verið rædd að stöku virkjanaframkvæmdir yrðu skilgreindar sem verkefni í sérstöku félagi og fjármagnaðar þannig. Líklegast er að orkufyrirtæki sem fengið hefur úthlutað nýtingarrétti á viðkomandi auðlind sé þátttakandi og að loknum ákveðnum tíma, þegar fjárfestar reikna með að hafa fengið fjárfestingu sína til baka með væntri ávöxtun,

falli eignarhald virkjana og nýtingarrétturinn aftur til orkufyrirtækisins. Eignarhald mannvirkja gæti líka fallið til eiganda auðlindar sé samið beint við félagið sem stofnað er um verkefnið. Eigandi auðlindar myndi tryggja sér sinn hluta af auðlindarentunni með endurgjaldi fyrir nýtingu og hluti gæti runnið til ríkisins í formi skatta á auðlindanýtingu ef slíku fyrirkomulagi hefur verið komið á.

Aðalatriðið er að í nær öllum tilfellum eru nokkrar mismunandi leiðir færar að því marki að tryggja skynsamlega og sjálfbæra nýtingu auðlinda með framtíðarhagsmuni í huga, tryggja að arður af auðlindanýtingu renni til þjóðarinnar og lágmarka um leið áhættu almennings. Því er mikilvægast að skoða samspil þessara leiða.

III. hluti: Mikilvægi heildstæðrar auðlindastefnu

Eins og boðað var í áfangaskilum starfshópsins er þessi skýrsla fyrst og fremst sett fram til að varpa ljósi á þau fjölmörgu álitamál sem fram komu í starfi hópsins í þeirri von að hún nýtist sem gagn við þá miklu vinnu sem nú fer fram á sviði auðlinda- og orkumála.

Verkefnið er orðið afar brýnt. Staðan í auðlindamálum þjóðarinnar í heild er nú þannig að nýtingarréttur á einni stórrí náttúruauðlind hefur þegar myndað verð, þ.e. á fiskveiði-auðlindinni. Fjórar auðlindir til viðbótar eru í þann mund að mynda verð, þ.e. vatnsréttindi, jarðhitaréttindi, olfu- og gasleitarleyfi og losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir (*European Emission Trading Scheme* fer í fasa 2 í ársbyrjun 2013 þá bjóða aðildarríki upp heimildir). Þá eru þau verðmæti sem felast í ósnortinni náttúru sífelld að verða ljósari. Hér er ekki bara átt við þann arð sem skapast í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi heldur einnig þau mikilvægu verðmæti sem skapast við vistkerfisþjónustu, svo sem þátt votlendis í vatnsbúskap landsins

Því þarf að leita svara við því hvernig standa á að úthlutun nýtingarréttar og hvernig arðinum er dreift. Útfærslur eru vitaskuld mismunandi eftir eðli auðlinda og þeirra fjárfestinga sem þarf til að nýta þær en grundvallaratriðin geta verið sameiginleg.

Þá er einnig mikilvægt að gerð sé skýr grein fyrir því hvernig auðlindir eru skilgreindar eða afmarkaðar m.t.t. eignarréttar, þ.e.a.s. hvernig viðkomandi auðlind er afmörkuð í tíma og rúmi. Mikilvægt er að það sé gert í tengslum við mótun heildstæðrar auðlindastefnu.

Nokkur viðfangsefni í auðlindamálum

Eftirfarandi listi er ekki í vægisröð heldur til hliðsjónar:

- Setja niður almenn grundvallaratriði um meðferð auðlinda í ríkisforsjá sem verða leiðarljós við útfærslu á lögum og reglum um meðferð einstakra auðlinda eftir eðli þeirra. Þessi atriði varða til dæmis hvers kyns framsal nýtingarréttar er heimilt og með hvaða skilyrðum.
- Setja niður almenn grundvallaratriði hvað varðar takmörkun á ráðstöfunarrétti auðlinda sem eru á forsjá annarra aðila en ríkisins.
- Einfalda og styrkja stjórnarsýslu sem varðar þrjú svið auðlindamála:
 - Rannsóknir á auðlindum og ráðgjöf um verndun og nýtingu
 - Ákvörðun um nýtingu, útgáfu nýtingarleyfa og eftirlit með nýtingunni
 - Umsýslu auðlinda í ríkisforsjá, samningagerð og mat á auðlindarentu sem til verður vegna nýtingar mismunandi auðlinda
- Ákveða skilaleiðir auðlindarentu til þjóðarinnar út frá framangreindum grundvallaratriðum og eðli mismunandi auðlinda og nýtingar.
- Leggja til meginlínur í ráðstöfun arðs af auðlindum og meðferð hans þannig að auðlindarentan og ráðstöfun hennar sé sem sýnilegust.

Viðaukar

Viðauki 1:

Áfangaskil starfshóps til iðnaðarráðherra 24. janúar 2011

Minnisblað - áfangaskil

Til: Iðnaðarráðherra

Frá: Starfshópi um lagaramma orkuvinnslu.

Dags.: 24. janúar 2011

Starfshópur um lagaramma orkuvinnslu er skipaður fulltrúum frá fimm ráðherrum og þingflokki stjórnflokkanna samkvæmt 2. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 27. júlí 2010. Hópurinn hefur það verkefni að undirbúa lagafrumvarp „er tryggi opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarki eignarhald einkaaðila“. Þá segir í yfirlýsingunni að horft skuli til „niðurstaðna nefndar ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu í orkugeiranum við mótun löggjafar og hvernig best megi aðlaga núverandi ástand mála nýrri löggjöf“. Hópurinn lítur svo á að honum sé með vísan til inngangsorða fyrrnefndar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar falið að gera tillögur að því hvernig „vinda megi ofan af“ einkavæðingu HS Orku hf., tryggja opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarka eignarhald einkaaðila til frambúðar.

Þessu minnisblaði er skipt í fjóra hluta. Fyrst er farið yfir vinnu starfshópsins og afmörkun viðfangsefnisins. Í öðrum hluta er fjallað um þær leiðir sem nefnd ríkisstjórnarinnar um orku- og auðlindamál taldi koma til álita vegna eignarhalds á HS Orku hf. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir tillögum starfshópsins um aðgerðir sem snerta eignarhald á HS Orku hf., bæði um fyrstu skref og ráðstafanir til lengri tíma. Að lokum setur starfshópurinn fram tillögur um undirbúning að heildstæðri auðlinda- og orkustefnu.

I – Umfjöllun starfshópsins og afmörkun viðfangsefnisins

Starfshópurinn hefur haldið 11 vinnufundi, farið yfir lagaramma og skipan mála á orkumarkaði, skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál, drög að heildstæðri orkustefnu, álitamál tengd undirbúningi lagafrumvarps um gjaldtöku fyrir nýtingu vatnsréttinda í eigu ríkisins og fleiri atriði.

Athugun á nágildandi lagaramma um orkumarkaðinn leiðir í ljós að hvað eignarhald varðar snýr verkefni starfshópsins einkum og sér í lagi að orkuvinnslunni, því ólöglegt er að selja auðlindir úr opinberri eigu og áskilið er með lögum að sérleyfisskyld veitustarfsemi, þ.e. orkudreifingin, skuli að meirihluta vera í eigu opinberra aðila. Þá gilda sérstök lög um flutningskerfið og er þar stefnt að 100% beinu eignarhaldi ríkisins.

Fimm orkufyrirtæki eru nú með um 99% af uppsettu afli raforkuvera á landsvísu.¹ Af þeim eru fjögur í opinberri eigu, þar af þrjú í eigu ríkisins. Opinbert eignarhald þeirra er tryggt með

¹ Sérlæg gilda um tvö orkufyrirtæki í viðbót, þ.e. Norðurorku sem er í eigu Akureyrar og fleiri sveitarfélaga og Orkuveitu Húsavíkur sem er í eigu Norðurþings.

eftirfarandi hætti: Öll sala á eignarhlutum ríkisins krefst heimildar Alþingis í fjárlögum auk þess sem breyta þyrfti sérlögum til að selja eignarhlut í Landsvirkjun eða Rarik. Í þessu sambandi ber að minna á samþykkt ríkisstjórnarinnar um að vinnslufyrirtæki sem nú eru í eigu ríkisins verði ekki seld. Breyta þyrfti sérlögum um Orkuveitu Reykjavíkur til að selja einkaaðila eignarhlut í fyrirtækinu. Samanlagt eru þessi fjögur fyrirtæki með lögvarið opinbert eignarhald um 92% af uppsettu afli og um 89% hlutdeild í raforkuvinnslu fyrir almenning.

HS Orka hf. er eina orkufyrirtækið sem ekki er í opinberri eigu og telja má „mikilvægt“ stærðar sinnar og hlutverks vegna, skv. erindisbréfi starfshópsins. Það er nú með um 7% af uppsettu afli og um 8% hlutdeild í raforkuvinnslu fyrir almenning. Í yfirlýsingu sinni frá 27. júlí 2010 ákvað ríkisstjórnin „að sérstaklega skuli rannsaka tildrög þess að HS Orka sé komin í meirihluta eigu einkaaðila með það fyrir augum að hægt sé að vinda ofan af þeirri niðurstöðu“. Í samræmi við þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur starfshópurinn litið til skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál um leiðir til að mæta ofangreindum markmiðum.

II – Leiðir samkvæmt skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál

Niðurstaða nefndar ríkisstjórnarinnar um orku- og auðlindamál er að tvær leiðir komi einkum til álitá við að breyta eignarhaldi á HS Orku hf.²

- Leitað verði samninga við HS Orku hf. og eigendur fyrirtækisins þar sem tekið verði á helstu gagnrýnisatriðum, svo sem tímalengd leigusamnings um nýtingarrétt auðlinda, og eignarhaldinu komið í það form sem ásættanlegt þykir.
- Alþingi setji sérstök lög um eignarnám ríkisins á HS Orku hf.

Mat starfshópsins á þessum leiðum er eftirfarandi:

Skipulag orkumála er nú þannig að orkuframleiðsla er skilgreind sem samkeppnisgrein þar sem eignarhald innlendra og erlendra einkaaðila er heimilt samkvæmt lögum. Eignarhald orkuauðlinda og veitufyrirtækja hefur hins vegar með lögum verið skilið frá eignarhaldi í orkuvinnslunni sjálfri. Forsenda fyrir eignarnámi orkuvinnslufyrirtækis í einkaeigu eru ríkir almannahagsmunir en þá þarf löggjafinn að skilgreina. Auk þess er bæði rétt og eðlilegt að samningar um kaup á fyrirtækinu hafi verið reyndir til þrautar áður en lagasetning um eignarnám kemur til álitá. Hér þarf meðal annars að huga að þeim skordum sem 72. gr. stjórnarskrárinnar setur, dómafordæmum um eignarnám og öðrum lagalegum álitamálum.

Ákvörðun um þá skuldbindingu ríkissjóðs sem felst í frumvarpi til laga um eignarnám, eða það víðtæka samráð og stefnumótunarvinna sem liggja þarf að baki ákvörðun um grundvallarbreytingar á orkumarkaði, fellur utan verksviðs þessa starfshóps. Í því sambandi má benda á að nú er hafið opið samráðs- og umsagnarferli um drög að heildstæðri orkustefnu, nefnd um endurskoðun raforkulaga er enn að störfum og unnið er að gerð lagafrumvarps um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda í eigu ríkisins. Vinna starfshópsins hefur leitt í ljós að mörgum áleitnum spurningum um orkunýtingu og auðlindamál verður ekki svarað með stefnu um eignarhald einni saman. Auk eignarhalds spila saman margir þættir sem taka verður á með heildstæðum hætti óháð því hvernig eignarhaldi orkuvinnslunnar sjálfar er háttað. Leyfisveiting til nýtingar, sem tekur til umfangs hennar, til eftirlits, til tímalengdar

² Nefnd um orku- og auðlindamál: *Um kaup Magma Energy Sweden AB á eignarhlutum í HS Orku hf.* 2010. Birt á vef forsætisráðuneytisins ásamt fréttatilkynningu þann 17. september 2010.

nýtingarsamnings o.fl., ræður mestu um umgengni við auðlindirnar. Í því samhengi hefði eignarnám eitt og sér lítið gildi.

III – Tillaga um næstu skref vegna HS Orku hf. og stefnumótun til lengri tíma

Niðurstaða starfshópsins er að skipta viðfangsefninu í þrjá áfanga:

- Í fyrsta lagi verði með samningum við hagsmunaðila tekið á einstökum atriðum sem snúa að eignarhaldi HS Orku hf. og gagnrýni á leigutíma nýtingarréttar.
- Í öðru lagi verði sem fyrst lokið smíði frumvarps um breytingu á leyfilegri hámarks lengd leigutíma nýtingarréttar o.fl.
- Í þriðja lagi verði greindir þeir lykilhagsmunir sem eiga að ráða fyrirkomulagi á orkumarkaði og gætu m.a. skapað nauðsynlegar forsendur frekari breytinga að því er varðar eignarhald á HS Orku.

III.1. Samningaviðræður við HS Orku hf.

Starfshópurinn leggur til að í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að vinna ofan af einkavæðingu í orkuvinnslu og niðurstöðu nefndar um orku- og auðlindamál, taki stjórnvöld upp viðræður við eigendur HS Orku hf., og sveitarfélögin sem eiga auðlindirnar sem fyrirtækið nýtir. Óhjákvæmilegt er að ríkið komi að þessum viðræðum bæði vegna stefnumótunarhlutverks síns og vegna þess að hluti auðlindanna sem fyrirtækið nýtir er í beinni eigu ríkisins án þess að um afnot hafi verið samið enn sem komið er. Markmið viðræðnanna yrði tvíþætt og sneri annars vegar að eignarhaldi orkuvinnslunnar og hins vegar að stöðu auðlindanna.

Samið verði um ótímabundinn forkaupsrétt ríkisins að eignarhlutum Magma Energy Sweden AB í HS Orku hf. Þá verði samið um kaup opinberra aðila og íslenskra lífeyrissjóða á hlutum í HS Orku hf. með frekari kauprétti í framtíðinni. Markmiðið verði að tryggja til framtíðar stöðugleika í eignarhaldi í samræmi við niðurstöður heildstæðrar auðlinda- og orkustefnu.

Stefnt verði að því að leigutími á nýtingarrétti auðlinda verði stytur og að fyrirkomulag leigu verði í anda yfirlýstra markmiða stjórnvalda í auðlindamálum og þeirra laga um meðferð auðlinda í eigu ríkisins sem til stendur að setja.

III.2. Stytting hámarksleigutíma

Í ljósi þess að engin sátt virðist vera í samfélaginu um að hámarks lengd leyfilegs leigutíma á nýtingarrétti auðlinda sé 65 ár eins og nú er leggur starfshópurinn til að flýtt verði endurskoðun þeirra ákvæða í lögum. Samhliða styttingu hámarkstíma leigusamnings um nýtingarrétt verði möguleiki til framlengingar eða endurnýjunar slíks samnings tengdur frammistöðu leigutaka og umgengni hans um auðlindina.

III.3. Hagsmunamat og eignarhald

Starfshópurinn telur það ekki vænlegan fyrsta kost að þvinga fram breytingu á eignarhaldi á HS Orku hf. að óbreyttum lagaramma um orkuvinnslu. Til að undirbúa slíkt skref þyrfti fyrst að meta þá lykilhagsmunum sem í húfi eru og skilgreina það fyrirkomulag orkumarkaðar sem tryggir almannahagsmuni sem best. Verði niðurstaðan úr slíku mati sú að ríkir almannahagsmunir krefjist þess að öll orkuvinnsla, til að mynda yfir ákveðnum mörkum, skuli vera í opinberri eigu eða ríkiseigu og lagaramma orkumarkaðar breytt til samræmis við það þarf að athuga hvernig hægt er að tryggja þá almannahagsmuni til lengri tíma án þess að grípa til aðgerða á borð við eignarnám eða ganga gegn ríkum viðskipta- eða

eignarréttarhagsmunum einkaaðila sem fjárfest hafa í viðkomandi orkuvinnslu. Í því sambandi er athyglisverð löggjöf Norðmanna um svokallað „hjemfall“ eða langtímainnköllun virkjanaréttinda einkaaðila og tilheyrandi orkumannvirkja til norska ríkisins. Séu ríkir almannahagsmunir í húfi mætti leita þar fordæmis fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld og löggjafinn geta með almennum reglum breytt skipulagi á orkumarkaði og eignarhaldi orkufyrirtækja.

IV – Heildstæð auðlindastefna

Til að vinna samkvæmt kafla III.3 hér að framan verði markviss leggur starfshópurinn áherslu á að mótuð verði heildstæð auðlindastefna sem byggir á sjálfbærni. Jafnhliða verði lokið vinnu við mótn heildstæðrar orkustefnu sem hluta af auðlindastefnunni. Í slíkri heildstæðri stefnu verði svarað lykilspurningum um atriði á borð við þjóðareign náttúruauðlinda, afmörkun eignarréttar auðlinda, rétt til arðs af nýtingu náttúruauðlinda, ráðstöfun nýtingarréttar, eigendastefnu ríkisins gagnvart orkufyrirtækjum sínum, og samhengi orkunýtingar og atvinnustefnu og þýðingu hennar fyrir verðmætasköpun í samfélaginu í heild. Í henni þyrfti einnig að taka afstöðu til verndar náttúruauðlinda og umhverfis þeirra og gerðar kröfur um ábyrga og sjálfbæra nýtingu. Þá verði tekið til athugunar hvort lögfesta eigi forgang íslenska ríkisins að nýtingu orkuauðlinda sem ekki hefur enn verið samið um.

Eignarhald opinberra aðila og einkaaðila í orkuvinnslu tengist mjög öðrum atriðum, svo sem þeim sem að framan eru nefnd, en einnig fjármögnun framkvæmda, áhættu o.fl. Ekki er hægt að einangra eignarhaldið eða koma því fyrir í sérstökum lögum óháð öðrum þáttum sem saman mynda umgjörð orkumarkaðarins og fyrirkomulag auðlindanýtingar í heild sinni. Tiltekin skipan eignarhalds í orkuvinnslunni tryggir ein og sér hvorki að arður af auðlindunum renni til þjóðarinnar né að fylgt sé sjálfbærri orkunýtingarstefnu með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þá er líka ósvarað þeirri spurningu hvort æskilegt sé að skatt- eða útsvarsgreiðendur beri áhættu vegna fjárfestingar í orkuvinnslu fyrir stöku stóriðjuverkefni.

Starfshópurinn mun, að fengnum viðbrögðum þeirra sem standa að hópnum við minnisblaði þessu, vinna lokaskýrslu með ábendingum um ýmsa þá þætti sem taka þarf til athugunar við framangreind verkefni og nýst geta bæði við yfirstandandi stefnumótunar- og lagasetningarvinnu og frekari vinnu að orku- og auðlindamálum með skýra almannahagsmuni að leiðarljósi hvað varðar eignarhald auðlinda og verðmætasköpun, þ.m.t. um lagasetningu til að tryggja opinbert eignarhald, sbr. 1. efnisgrein þessa minnisblaðs.

Starfshópurinn hyggst skila skýrslu sinni fyrir lok febrúar 2011.

Viðauki 2:

Breytingar á skipulagi raforkumála, orkufyrirtækja og orkuútrásin

Skipulag raforkumála fyrir setningu raforkulaga 2003

Fyrir setningu raforkulaga árið 2003 gegndi Landsvirkjun lykilhlutverki í framleiðslu og flutningi á raforku. Tilgangur Landsvirkjunar var lögum samkvæmt m.a. að:

- vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu,
- byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins,
- annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar,
- hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

10 almenningsrafveitur í eigu sveitarfélaga (Rafveita Reykjavíkur, Akranesveitur, Rafveita Sauðárkróks, Rafveita Akureyrar, Orkuveita Húsavíkur, Rafveita Reyðarfjarðar, Selfossveitur, Bæjarveitur Vestmannaeyja, Veitustofnanir Hveragerðis, Rafveita Hafnarfjarðar), auk sameignarfyrirtækjanna Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða og ríkisfyrirtækisins Rafmagnsveitur ríkisins, önnuðust dreifingu og smásölu á raforku til endanlegra notenda. Almenningsrafveiturnar voru ekki allar beintengdar raforkuflutningskerfinu heldur voru þær tengdar um dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins og greiddu aukalega fyrir þá þjónustu. Óárðbærar rekstrareiningar í raforkukerfinu voru ekki sérgreindar heldur var kostnaði við þær jafnað á viðskiptavinum viðkomandi almenningsrafveitu. Nokkrar almenningsrafveitnanna höfðu nokkra eigin raforkuframleiðslu.

Heimild til veitingu virkjunarleyfa var í höndum Alþingis og iðnaðarráðherra, en ráðherra var falið að ákvarða röð virkjunarframkvæmda. Þá voru samningar í raforkusölu til stóriðju háðir samþykki iðnaðarráðherra en slíkir samningar máttu ekki lögum samkvæmt leiða til herra raforkuverðs til almennings. Orkustofnun annast orkurannsóknir og ráðgjöf við stjórnvöld en fór ekki með stjórnsýsluvald. Orkufyrirtækin voru öll undanþegin skattskyldu að stærstum hluta og nutu einnig ýmissa undanþága frá opinberum gjöldum. Fyrirtækin voru öll í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða í sameign ríkis og sveitarfélaga (Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða). Iðnaðarráðuneyti staðfesti gjaldskrárbreytingar.

Í tengslum við innleiðingu raforkutilskipunar með setningu raforkulaga 2003, urðu miklar breytingar á regluverki raforkumála auk þess sem skipulag raforkufyrirtækjanna breyttist umtalsvert. Fyrirtækin hafa sameinast og einingarnar stækkað en í dag eru dreifiveiturnar sex talsins (Orkuveita Reykjavíkur, HS Veitur, Rarik, Orkubú Vestfjarða, Norðurorka og Rafveita Reyðarfjarðar). Dreifiveiturnar eru allar beintengdar flutningskerfi Landsnets og óárðbærar rekstrareiningar í kerfinu hafa verið teknar út og eru niðurgreiddar af ríkissjóði. Með þessu hefur jöfnun verið aukin til muna í kerfinu en einnig hefur gagnsæi verið aukið. Í aðdraganda þessara breytinga og kjölfar þeirra hafa orðið miklar breytingar á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækjanna og hér á eftir er reynt að gera grein fyrir helstu breytingum með sérstakri áherslu á þær breytingar sem tengjast Hitaveitu Suðurnesja (síðar HS Orku).

Nánari upplýsingar um eldra skipulag raforkumála má finna í skýrslu um framtíðarskipulag raforkumála¹ og greinargerð með frumvarpi til raforkulaga.²

Helstu breytingar á skipulagi raforkumála, orkufyrirtækja og reglna um erlenda fjárfestingu

- 1969 Virkir Orkint hf.³ er stofnað. Félagið er samstarfsvettvangur orkufyrirtækja, verkfræðistofa og stofnana.
31. janúar 1991 Forsætisráðherra leggur fram á Alþingi frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.⁴
15. mars 1991 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 34/1991.⁵ Í lögnum er kveðið á um að íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlandis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlandis megi einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama eigi við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.
19. desember 1995 Viðskiptaráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.⁶ Frumvarpið þjónar tvíþættum tilgangi, í fyrsta lagi að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og í öðru lagi að heimila óbeina fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins segir m.a.: „*Þeir aðilar sem hér um ræðir eru einstaklingar sem búsettir eru og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Ríkisfang einstaklings eða ríkisfang eigenda lögaðila skiptir hér ekki máli. Skilyrði 40. gr. EES-sammingsins um búsetu fremur en ríkisfang er í samræmi við það sem almennt tíðkast á sviði gjaldeyrismála, þar með taldar fjárfestingar í atvinnurekstri, en þar er miðað við búsetu aðila en ekki ríkisfang þegar greint er á milli innlendra og erlendra aðila, sbr. lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Gert er ráð fyrir að þetta svið verði áfram lokað fyrir öðrum erlendum aðilum.*“
15. maí 1996 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 46/1996.⁷ Með breytingunni er m.a. kveðið á um að einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki skuli hafa sama rétt og íslenskir aðilar. Enn fremur er kveðið á um að heimilt skuli að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.
12. október 1996 Nefnd iðnaðarráðherra til að undirbúa endurskoðun löggjafar um vinnslu, flutning og dreifingu orku skilar skýrslu sinni. Í nefndinni sátu fulltrúar sem voru tilnefndir af þingflokkunum, Sambandi ísl.

sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Reykjavíkurborg, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samorku, Orkustofnun, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Í fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytis vegna útkomu skýrslunnar⁸ segir m.a. að samfara breytingum á skipan raforkumála sé óhjákvæmilegt að starfsumhverfi raforkufyrirtækjanna breytist verulega. Í því sambandi megi nefna:

- Að virk samkeppni í raforkuvinnslu leiðir til þess að þeir sem binda fé í raforkuverunum muni gera kröfur um arð.
- Að jafna verður starfsskilyrði fyrirtækjanna.
- Að eignarhald á orkuverunum muni líklega breytast smám saman, enda hnígi sterk rök að því að einkafjármagn komi inn í raforkugeirann.
- Að skynsamlegt kunni að vera að afla fjár til nýrra stórverkefna á orkusviðinu í framtíðinni með verkefnafjármögnum eða með einkafjármagni.

18. nóvember 1996

Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun⁹. Frumvarpið er samið á vegum sérstakrar viðræðunefndar eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar sem iðnaðarráðherra skipaði 23. febrúar 1996. Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um að Landsvirkjun sé heimilt að hagnýta þá sérþekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála, með verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til innlendra og erlendra aðila og með eignaraðild að fyrirtækjum erlendis, endurmat eigendaframlaga, fækkun stjórnarmanna, ákvæði laganna um starfssvið stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar eru löguð að ákvæðum hlutafélagalaga um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélagi.

19. desember 1996

Evrópusambandið samþykkir tilskipun 96/92/EB um innri markað fyrir raforku. Tilskipunin hefur að geyma sameiginlegar reglur starfsemi og skipulag innri markaðar fyrir raforku. Í tilskipuninni er raforkugeiranum skipt upp í samkeppnisstarfsemi (vinnslu og sölu) og sérleyfisstarfsemi (flutning og dreifingu).

12. febrúar 1997

Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 9/1997¹⁰.

3. nóvember 1997

Iðnaðarráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála¹¹. Í tillögunni, sem afgreidd var út úr iðnaðarnefnd en ekki samþykkt endanlega, er m.a. lagt til að Alþingi álykti að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skuli unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

- Júlí 1998 Kaupþing skilar skýrslu um verðmat á Orkubúi Vestfjarða (IVR97090022).
27. nóvember 1998 Hafnarfjarðarbær sendir bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um kaup sveitarfélagsins á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
9. desember 1998 Ráðuneytið sendir Hafnarfjarðarbæ bréf þar sem boðið er til viðræðna.
11. desember 1998 Garðabær sendir bréf þar sem óskað er viðræðna um kaup sveitarfélagsins á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
18. janúar 1999 Iðnaðarráðherra leggur fram minnisblað í ríkisstjórn þar sem lagt er til að gengið verði úr skugga um að meðeigendur ríkisins í fyrirtækinu leggist ekki gegn hugsanlegri sölu á hlut þess til Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar og í framhaldi verði stofnað til könnunarviðræðna við þau. Viðræðunum stýri fulltrúar iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra.
20. janúar 1999 Reykjavíkurborg sendir bréf þar sem lýst er áhuga á þátttöku í kaupum á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
19. febrúar 1999 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til breytinga á orkulögum¹². Tilgangur lagafrumvarpsins er að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins annars vegar til að stofna og eignast hlut í félögum með það að markmiði að gera fyrirtækinu kleift að taka þátt í samstarfi við aðra aðila á sviði orkumála og hins vegar til að stofna eða eiga hlut í félögum til að nýta þá þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til eflingar útflutningi á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs
5. mars 1999 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun¹³. Frumvarpið miðar að því að afla Landsvirkjun lagaheimildar til að eiga í fyrirtækjum innan lands sem takast á hendur rannsóknar- og þróunarverkefni eða framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku, þ.e. heits vatns, gufu og rafmagns.
9. mars 1999 Frumvarp til breytinga á orkulögum er samþykkt sem lög frá Alþingi.
10. mars 1999 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 50/1999¹⁴.
27. apríl 1999 Ríkisstjórnin samþykkir tillögu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra um að afla heimilda Alþingis til að ráðstafa allt að 100 m.kr. til kaupa á hluta af eign Vesturbyggðar í Orkubúi Vestfjarða eða veita lánsfé fyrir sömu fjárhæð með veði í Orkubúinu.
30. ágúst 1999 Í iðnaðarráðuneyti er unnið minnisblað til ráðuneytisstjóra þar sem stöðu mála er lýst vegna mögulegra kaupa sveitarfélaga á hlutum ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
5. október 1999 Ríkisstjórnin samþykkir að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra að skipa starfshóp til að yfirfara málefni tengd kaupum á hlut í Orkubúi Vestfjarða.
12. október 1999 Á fundi ríkisstjórnarinnar er samþykkt að ganga til viðræðna við sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða um hugsanleg kaup ríkisins á eignarhlut þeirra í Orkubúinu. Öll umfjöllun ríkisstjórnarinnar

byggði á því að hugsanleg kaup gætu annars vegar leyst fjárhagsvanda sveitarfélaga sem eru sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og hins vegar stuðlað að hagræðingu í framleiðslu og dreifingu raforku.

16. nóvember 1999 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun¹⁵. Í frumvarpinu er lagt til að Landsvirkjun verði heimilt að eiga hlut í fjarskiptafyrirtækjum.
26. nóvember 1999 Tilskipun 96/92 er tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99. Í ákvörðuninni er að finna ýmsar aðlaganir fyrir Ísland, t.d. telst íslenska raforkukerfi lítið og einangrað kerfi.
22. desember 1999 Rafmagnsveitur ríkisins og Hveragerðisbær undirrita samning um kaup Rafmagnsveitnanna á Rafveitu Hveragerðis fyrir 215 milljónir króna.
- Febrúar 2000 Iðnaðarráðuneytið gefur út skýrsluna Framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi¹⁶.
12. apríl 2000 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 14/2000¹⁷.
- Júní 2000 Iðnaðarráðuneytið gefur út skýrsluna *Raforkubændur, hagkvæmni, tækni, möguleikar*¹⁸.
29. júní 2000 Hitaveita Suðurnesja ritar fjármála- og iðnaðarráðuneyti bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um með hvaða hætti og með hvaða kjörum hlutur ríkissjóðs í fyrirtækinu væri falur.
5. júlí 2000 Iðnaðarráðherra skipar sérstaka viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á sameignarsamningi fyrirtækisins. Nefndin skilar ekki af sér.
10. október 2000 Iðnaðarráðuneytið ritar Hitaveitu Suðurnesja bréf (afrit á fjármálaráðuneyti) þar sem fjallað er um breytingar á skipulagi raforkumála og að einkavæðing ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila, sé á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Þá kemur fram að það sé skoðun ráðuneytanna, að eðlilegt sé, eins og hér hagar til, að bíða með viðræður um hugsanlega sölu á hlut ríkisins í raforkufyrirtækjum, þar til ofangreind breyting hefur orðið á rekstrarumhverfi þeirra. Samkvæmt drögum að frumvarpi til nýrra raforkulaga, sem áformað er að leggja fyrir Alþingi í janúar 2001, er miðað við, að flest raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagsformi. Af hálfu ráðuneytanna er ekkert því til fyrirstöðu að flýta fyrirsjáanlegum breytingum á rekstrarformi Hitaveitu Suðurnesja yfir í hlutafélagsform, ef aðrir eignaraðilar kjósa svo, til að auðvelda hugsanlegan samruna eða samstarf við önnur orkufyrirtæk, og er ráðuneytið fyrir sitt leyti reiðubúið að hafa samstarf við aðra eignaraðila um það mál á næstunni.
8. desember 2000 Iðnaðarráðherra leggur fram minnisblað í ríkisstjórn um sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og mögulega

- hlutafélagavæðingu Hitaveitu Suðurnesja. Í minnisblaðinu er lagt til, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, að samþykkt verði sameining Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar.
- janúar 2001 PWC skilar hagkvæmniathugun¹⁹ á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar.
6. febrúar 2001 Sameigendur Hitaveitu Suðurnesja samþykkja samrunaáætlun vegna samruna fyrirtækisins og Rafveitu Hafnarfjarðar. Samruninn gengur í gegn í kjölfar samþykktar á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.
7. febrúar 2001 Sameigendur Orkubús Vestfjarða undirrita samkomulag um slit sameignarfélags og stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða.
- ? febrúar 2001 Enex er stofnað²⁰ við samruna Virkir Orkint hf. og Jarðhita ehf., auk aðkomu Landsvirkjunar og Norðurorku.
20. febrúar 2001 Iðnaðarráðuneyti gefur út fréttatilkynningu²¹ þar sem fram kemur að á fundi ríkisstjórnarinnar þann 2. febrúar 2000 hafi verið samþykkt tillaga iðnaðarráðherra um að ganga til samstarfs við Akureyrarbæ um að kanna mögulega kosti varðandi eignaformsbreytingu á RARIK, með aðkomu Akureyrar, og flutningi höfuðstöðva fyrirtækisins til Akureyrar. Jafnframt að kannaður yrði rekstrargrundvöllur fyrirtækis sem þjónaði útvíkkuðu rekstrarsvæði RARIK og hvaða umbætur þyrfti að gera til að tryggja rekstur slíks fyrirtækis. Loks átti að kanna áhrif þess að leggja eignir og rekstur Veitustofnana Akureyrarbæjar (VA) inn í slíkt fyrirtæki.
26. febrúar 2001 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða²².
5. mars 2001 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja²³. Frumvarpið byggir m.a. annars á samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og tryggir hlutafélaginu áframhaldandi skattleysi.
15. mars 2001 Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja er samþykkt á Alþingi, sbr. lög nr. 10/2001²⁴.
30. mars 2001 Stofnfundur Hitaveitu Suðurnesja hf.
2. maí 2001 Iðnaðarráðherra leggur fram til kynningar frumvarp til raforkulaga²⁵.
20. maí 2001 Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða er samþykkt á Alþingi, sbr. lög nr. 40/2001²⁶.
1. júlí 2001 Hitaveita Suðurnesja hf. tekur til starfa.
1. júlí 2001 Orkubú Vestfjarða hf. tekur til starfa.
12. desember 2001 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur²⁷. Frumvarpið er lagt fram að beiðni Reykjavíkurborgar.

14. desember 2001 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. lög nr. 139/2001²⁸.
17. desember 2001 Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Sauðárkróks og Sveitarfélagið Skagafjörður undirrita samning um kaup Rafmagnsveitnanna á Rafveitu Sauðárkróks fyrir 330 milljónir króna.
1. janúar 2002 Sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur tekur til starfa og Akranesveitur og Hitaveita Borgarfjarðar sameinast Orkuveitu Reykjavíkur. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur verða Reykjavíkurborg með 92,22%, Akraneskaupstaður með 5,45%, Hafnarfjörður með 0,94%, Garðabær með 0,47%, Borgarbyggð með 0,75% og Borgarfjarðarsveit með 0,17%.
17. janúar 2002 Bæjarveitur Vestmannaeyja sameinast Hitaveitu Suðurnesja hf. og Vestmannaeyjabær eignast hlut í hitaveitunni. Eignarhlutir skiptast þannig: Reykjanesbær 40,5%, ríkissjóður 15,5%, Hafnarfjarðarbær 15,5%, Grindavíkurbær 8,6%, Vestmannaeyjabær 7%, Sandgerðisbær 5,2%, Gerðahreppur 4,7% og Vatnsleysustrandahreppur 2,7%.
25. febrúar 2002 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins²⁹. Frumvarpið er ekki afgreitt.
26. mars 2002 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til raforkulaga³⁰ sem ekki hlýtur afgreiðslu.
8. apríl 2002 Fjármálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti tilkynna Orkubúi Vestfjarða að ríkissjóður hafi keypt hlut 11 sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða.
8. apríl 2002 Viðskiptaráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri³¹. Frumvarpið byggir á nýjum stofnsamningi EFTA.
20. apríl 2002 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 76/2002³². Lögin veita einstaklingum sem búsettir eru í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og lögaðilum í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sama rétt og íslenskum aðilum og EES-aðilum.
29. apríl 2002 Ríkissjóður og Vesturbyggð undirrita kaupsamning um að ríkið kaupi allt hlutafé seljanda í Orkubúi Vestfjarða og þar með verður ríkissjóður eigandi alls hlutafjár í Orkubúi Vestfjarða.
12. desember 2002 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til raforkulaga³³.
12. desember 2002 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku³⁴. Frumvarpið er lagt fram að beiðni Akureyrarbæjar.
13. desember 2002 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku, sbr. lög nr. 159/2002³⁵.
- desember 2002 Garðabær selur sinn hlut í Orkuveitu Reykjavíkur.
- 2003 Orkuveita Reykjavíkur kaupir eignarhlut Hafnarfjarðarbæjar og eigendur fyrirtækisins eru þá Reykjavíkurborg með 93,539%

- eignarhlut, Akraneskaupstaður með 5,528% eignarhlut, Borgarbyggð með 0,761% eignarhlut og Borgarfjarðarsveit með 0,172% eignarhlut.
28. janúar 2003 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um Orkustofnun³⁶. Frumvarpið byggir á tillögum nefndar sem falið var að endurskoða lög um Orkustofnun í tengslum við breytt skipulag raforkumála. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að stofnunin verði gerð að stjórnarsýslustofnun og að stjórn hennar verði lögð niður.
28. janúar 2003 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um íslenskar orkurannsóknir³⁷. Frumvarpið byggir að miklu leyti á skýrslu nefndar sem skipuð var til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnarsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, svo og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga.
14. mars 2003 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir, sbr. lög nr. 86/2003³⁸.
14. mars 2003 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um Orkustofnun, sbr. lög nr. 87/2003³⁹.
15. mars 2003 Alþingi samþykkir raforkulög nr. 65/2003⁴⁰. Lögin byggja m.a. á því að vinnsla og sala raforku sé samkeppnisstarfsemi. Gildistöku kafla um raforkuflutning frestað til 1. júlí 2004 vegna endurskoðunar.
31. desember 2003 Landsvirkjun og iðnaðarráðuneyti ljúka samstarfi um markaðs-skrifstofu⁴¹.
26. janúar 2004 Iðnaðarráðherra skipar eigendanevnd, að höfðu samráði við sameigendur. Nefndinni er falið að skoða fjárhagsstöðu og fjármögnun Landsvirkjunar, stöðu fyrirtækisins í breyttu umhverfi raforkumála og gera tillögur um breytingar á sameignarsamningi um fyrirtækið, m.a. um arðsemismarkmið með hliðsjón af nýjum raforkulögum. Nefndin skal ekki leggja til að breytingar verði gerðar á rekstrarformi fyrirtækisins að svo stöddu.
10. mars 2004 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.⁴²
11. mars 2004 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum⁴³. Frumvarpið var afrakstur vinnu nefndar sem skipuð var til að leysa ágreining um flutningskafla raforkulaga. Í frumvarpinu er m.a. að finna ýmsar tillögur um breytingar á ákvæðum raforkulaga.
11. mars 2004 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku⁴⁴.
1. maí 2004 Iðnaðarráðuneyti gefur út Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir árin 2004-2007⁴⁵. Í því kemur m.a. fram að unnið verði að endurskipulagningu raforkufyrirtækjanna m.t.t. eignarhalds ríkisins. Ríkið á Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, helmingshlut í Landsvirkjun og 15% hlut í Hitaveitu

- Suðurnesja. Hlutverk ríkisins verði metið í ljósi samkeppnis- og einkasölustarfsemi fyrirtækjanna, með hliðsjón af byggða- og hagræðingarmöguleikum.
28. maí 2004 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf., sbr. lög nr. 75/2004⁴⁶.
28. maí 2004 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, sbr. lög nr. 89/2004⁴⁷.
28. maí 2004 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, sbr. lög nr. 98/2004⁴⁸.
29. júní 2004 Eigendanefnd Landsvirkjunar skilar fulltrúum eigenda minnisblaði um starf nefndarinnar. Í minnisblaðinu er m.a. fjallað um hlutafélagavæðingu Landsvirkjunar og sameiningu við Rarik og Orkubú Vestfjarða.
1. september 2004 Hitaveita Suðurnesja hf. kaupir rafveituhluta Selfossveitna⁴⁹ og Árborg eignast hlut í hitaveitunni en við það verða eignarhlutföll eftirfarandi: Reykjanesbær 39,7%, Hafnarfjarðarbær 15,2%, ríkissjóður 15,2%, Grindavíkurbær 8,5%, Vestmannaeyjabær 6,9%, Sandgerðisbær 5,3%, Garður 4,6%, Vatnsleysustrandarhreppur 2,7%, Árborg 1,4%, Kópavogur 0,2% og Álftanes 0,2%.
23. nóvember 2004 Fjármálaráðherra leggur fram frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja⁵⁰. Í frumvarpinu, sem samið var af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði 11. desember 2000 um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja, er lagt upp með að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina, enda ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna er, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggji við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum. Með frumvarpinu er ætlunin að fella niður undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignaskatti. Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki skýr. Orkufyrirtæki greiða t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Auk þess þarf að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstri orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007.
30. nóvember 2004 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði⁵¹ vegna skattskyldu orkufyrirtækja, þar sem lagt er

til að ákvæði sérlaga um orkufyrirtæki varðandi undanþágu frá skattskyldu falli brott.

2. desember 2004 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur⁵². Frumvarpið er lagt fram að beiðni Húsavíkurbæjar.
1. janúar 2005 Landsnet tekur formlega til starfa⁵³. Eigendur fyrirtækisins eru Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Meginhlutverk Landsnets er flutningur raforku frá raforkuframleiðendum til kaupenda, hvort sem er til dreifiveitna eða stóriðju. Landsnet annast einnig stýringu og gæslu raforkukerfisins og kerfisstjórn.
17. febrúar 2005 Iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri undirrita viljayfirlýsingu um að íslenska ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.
17. febrúar 2005 Iðnaðarráðuneyti sendir frá sér fréttatilkynningu⁵⁴ þar sem fram kemur að iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri hafi undirritað viljayfirlýsingu um að íslenska ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Í fréttatilkynningunni kemur fram að þetta sé gert í ljósi nýrra raforkulaga sem fela í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Eðlilegt þyki því að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, sem eigendur annarra orkufyrirtækja, losi um eignarhluta sína í Landsvirkjun. Greiðslur fyrir eignarhlutana verða inntar af hendi á löngum tíma og renna beint til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna hvors um sig. Samningur um ofangreint skal liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2005. Stefnt er að því að þessar breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar eigi sér stað 1. janúar 2006. Þá kemur fram að ríkið ráðgeri að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinar ríkið eigar sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Undirbúningur að sameiningunni hefst nú þegar. Stefnt er að því að honum ljúki eigi síðar en 30. september 2005 og að sameiningin taki gildi 1. janúar 2006.
25. febrúar 2005 Iðnaðarráðuneyti gefur út bækling um meginverkefni og áherslur á sviði iðnaðar- og viðskiptamála 2003-2005⁵⁵. Bæklingnum var ætlað að gefa yfirsýn yfir meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra ásamt því að veita yfirlit yfir helstu framkvæmdir á vegum ráðuneytisins það sem af var kjörtímabilinu. Í bæklingnum kemur m.a. fram eftirfarandi: Breytingar á eignarhaldi raforkuorkufyrirtækja. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri um að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þetta er gert í ljósi nýrra raforkulaga sem fela í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Greiðslur fyrir

eignarhlutana verða inntar af hendi á löngum tíma og renna beint til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna hvors um sig. Samningar skulu liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2005. Ríkið ráðgerir að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinar ríkið eitur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Undirbúningur að sameiningunni hefst nú þegar. Stefnt er að því að honum ljúki eigi síðar en 30. september 2005 og að sameiningin taki gildi 1. janúar 2006. Gert er ráð fyrir að sameinuðu fyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf. verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en á árinu 2008. Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu.

8. mars 2005 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, sbr. lög nr. 13/2005⁵⁶.
15. mars 2005 Eigendanevnd Landsvirkjunar skilar umboði sínu til samninganefndar um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.
7. maí 2005 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, sbr. lög nr. 50/2005⁵⁷.
11. maí 2005 Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði vegna skattskyldu orkufyrirtækja, sbr. lög nr. 65/2005⁵⁸.
3. október 2005 Fjármálaráðherra leggur fram frumvarp til fjárlaga⁵⁹. Í frumvarpinu er ekki að finna heimild til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
23. nóvember 2005 Meirihluti fjárlaganefndar leggur til breytingartillögu⁶⁰ sem felur m.a. í sér að heimild til fjármálaráðherra til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
2. desember 2005 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins⁶¹.
7. desember 2005 Fjárlög fyrir árið 2006 samþykkt, þ.á m. heimild til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, sbr. 6. laganna.
28. desember 2005 Landsnet kaupir⁶² flutningsvirki Hitaveitu Suðurnesja.
- desember 2005 Hitaveita Suðurnesja hf. kaupir 0,2% hlut Sveitarfélagsins Álftaness. Þessi hlutabréf voru síðan seld öðrum hluthöfum fyrirtækisins.
17. janúar 2006 RARIK, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun stofna sameiginlegt sölufyrirtæki⁶³ á raforkumarkaði
20. janúar 2006 Iðnaðarráðuneyti sendir frá sér fréttatilkynningu⁶⁴ þar sem fram kemur að ekki hafi náðst samkomulag um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og að aðilar hafi orðið sammála um að ekki séu forsendur fyrir frekari viðræðum að svo stöddu.

10. febrúar 2006 Hitaveita Suðurnesja hf. ritar bréf um kaup hluthafa á hlutabréfum Álftaness þar sem m.a. kemur fram að allir hluthafar að undanskildum Ríkissjóði Íslands nýttu forkaupsrétt sinn.
15. mars 2006 Orkusalan ehf. stofnuð⁶⁵. RARIK og Orkubú Vestfjarða eiga hvort um sig 36% í félaginu, en Landsvirkjun 28%. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að sjá um kaup, sölu og framleiðslu á raforku.
28. mars 2006 Utanríkisráðherra leggur fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum⁶⁶ (m.a. lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri) vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.
3. apríl 2006 Alþingi samþykkir lög um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, sbr. lög nr. 25/2006⁶⁷.
4. apríl 2006 Sparisjóður Hafnarfjarðar sendir viðskiptaráðuneytinu bréf þar sem óskað er eftir viðræðum við ríkissjóð um kaup á öllum hlutum þess í Hitaveitu Suðurnesja hf.
6. apríl 2006 Glitnir sendir bréf til aðstoðarmanns iðnaðar- og viðskiptaráðherra þar sem með tilvísun í fund í nóvember 2005 er staðfest að Glitnir hafi áhuga á að kaupa hlutabréf ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, séu þau til sölu.
3. júní 2006 Alþingi samþykkir frumvarp utanríkisráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings við Danmörk og Færeyjar, sbr. lög nr. 108/2006⁶⁸. Lögin veita einstaklingum sem búsettir eru í Færeyjum og lögaðilum sem heimilisfastir eru í Færeyjum sama rétt og íslenskum aðilum, EES-aðilum og EFTA-aðilum til að eiga í orkulindum og orkufyrirtækjum.
12. júlí 2006 Rarik hf. er stofnað.
13. júní 2006 Sparisjóður Hafnarfjarðar ítrekar erindi frá 4. apríl.
31. júlí 2006 Iðnaðarráðuneyti sendir frá sér fréttatilkynningu⁶⁹ um að hlutafélagið Rarik hf. taki við allri starfsemi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. ágúst 2006.
1. ágúst 2006 Rarik hf. tekur við allri starfsemi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.
2. október 2006 Frumvarp til fjárlaga⁷⁰ lagt fram en í 6. gr. þess er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
1. nóvember 2006 Iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri undirrita samning um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Undirritanir eru með fyrirvara um samþykki Alþingis, borgarstjórnar og bæjarstjórnar.
1. nóvember 2006 Iðnaðarráðuneyti sendir frá sér fréttatilkynningu⁷¹ þar sem kemur fram Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Jón Sigurðsson, iðnaðar- ráðherra, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík og

Kristján Þ. Júlíusson, bærarstjóri á Akureyri hafi undirritað samning um kaup íslenska ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eiga samanlagt 50% í fyrirtækinu, þar af nemur eignarhluti Reykjavíkurborgar 44,525% og eignarhluti Akureyrarbæjar 5,475%. Kaupverð eignarhlutanna nemur samtals 30,25 milljörðum króna og verða 3,4 milljarðar króna greiddir við gildistöku samningsins hinn 1. janúar nk. Eftirstöðvar kaupverðsins verða greiddar með skuldabréfum til 28 ára og renna greiðslurnar til lífeyrissjóða sveitarfélaganna, þ.e. Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna þeirra. Samningurinn er með fyrirvara um samþykki Alþingis, borgarstjórnar Reykjavíkur og bærarstjórnar Akureyrar.

16. nóvember 2006

Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun⁷². Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, í kjölfar þess að ríkissjóður hefur keypt hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Eignarhlutir ehf., sem alfarið eru í eigu ríkisins, koma inn sem 0,1% eigandi að Landsvirkjun. Þá er lagt til að fyrirvar vegna eignarhalds ríkisins í Landsvirkjun færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Í tengslum við það er samhliða þessu frumvarpi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði þar sem m.a. eru lagðar til samhljóða breytingar á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

16. nóvember 2006

Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði⁷³. Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra falið að fara með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. Í frumvarpinu var m.a. lagt til að gerð yrði breyting á fyrirvari ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. og að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun. Í nefndaráliti segir m.a. að við meðferð frumvarpsins í nefndinni hafi komið fram það mat Samkeppniseftirlitsins að óbreytt kynni frumvarpið, ef að lögum yrði, að leiða til styrkingar á markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaði fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Enn fremur kunnir Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir smásölu raforku til almennra nota. Ástæða sé því til að ætla að frumvarpið muni að óbreyttu hindra virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku, í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Taldi nefndin að huga þurfi betur að málum er varða yfirfærslu eignarhluta ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. til Landsvirkjunar og lagði því til að þeim hluta frumvarpsins verði

- frestað með því að fella viðkomandi ákvæði brott en frumvarpið samþykkt að öðru leyti.
6. desember 2006 Frumvarp til fjárlaga samþykkt með heimild til handa fjármálaráðherra til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
9. desember 2006 Lög um breytingar á lögum um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 154/2006⁷⁴, samþykkt á Alþingi. Eignarhald m.a. fært yfir til fjármálaráðherra frá og með 1. janúar 2007.
9. desember 2006 Lög nr. 164/2006⁷⁵, um breytingar á lögum á orkusviði, samþykkt á Alþingi. Eignarhald í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. fært yfir til fjármálaráðherra frá og með 1. janúar 2007.
13. desember 2006 Ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneyti senda framkvæmdanefnd um einkavæðingu bréf þar sem tilkynnt er að ákveðið hafi verið að fela framkvæmdanefnd um einkavæðingu að taka til meðferðar sölu á öllum hlutabréfum ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja hf.
15. desember 2006 Samkeppniseftirlitið kveður upp úrskurð⁷⁶ um stofnun Orkusölnunnar. Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og að tillögu samrunaaðila setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans: Landsvirkjun verði ekki aðili að Orkusölnunni heldur selji Landsvirkjun núverandi eignarhlut sinn í félaginu. Orkusalan er í dag í eigu RARIK.
1. janúar 2007 Landsvirkjun verður í eigu ríkisins (99,9%) og Eignarhluta ehf. (0,1%).
5. janúar 2007 Geysir Green Energy er stofnað⁷⁷. Stofnendur eru FL Group, Glitnir og VGK-Hönnun. Geysi Green Energy er ætlað að vera alþjóðlegt fjárfestingarfélag um sjálfbæra orkuvinnslu.
24. janúar 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir minnisblað til ráðherranefndar um einkavæðingu þar sem gerð er grein fyrir undirbúningi við kaup á ráðgjöf við sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. og tilkynnt að framkvæmdanefndin hafi ákveðið að ganga til samninga við Capacent ehf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins.
1. febrúar 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir frá sér fréttatilkynningu⁷⁸ þar sem fram kemur að nefndin hafi samið við Capacent ehf. um ráðgjöf varðandi fyrirhugaða sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja hf.
12. febrúar 2007 Fjármálaráðherra leggur fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um stofnun hlutafélags um Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins⁷⁹. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu. Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um sameiningu fyrirtækjanna við Landsvirkjun.
16. febrúar 2007 Landsbankinn og Landsvirkjun stofna félag⁸⁰ um endurnýjanlega orkuvinnslu erlendis undir nafninu HydroKraft Invest.

5. mars 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir minnisblað til ráðherra- nefndar um einkavæðingu þar sem gerð er tillaga um málsmeðferð og undirbúning við sölu á eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að íslensk orkufyrirtæki í opinberri eigu megi ekki bjóða í eignarhlut íslenska ríkisins og í skýringu er þess geti að út frá samkeppnissjónarmiðum og sjónarmiðum um einkavæðingu sé talið rétt að útiloka íslensk orkufyrirtæki í opinberri eigu. Í minnisblaðinu kemur fram að samkvæmt samþykktum Hitaveitu Suðurnesja eigi félagið sjálft og hluthafar forkaupsrétt að eignarhlutum.
27. mars 2007 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveður⁸¹ að leggja allt að tveimur milljörðum króna til nýs útrásarfyrirtækis orkuþekkingar Reykjavík Energy Invest. Auk nýs hlutfjár verða eignarhlutir Orkuveitu Reykjavíkur í Enex, Enex Kína og öðrum útrásarfyrirtækjum lagðir inn í nýja félagið.
2. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir frá sér fréttatilkynningu⁸² þar sem fram kemur hverjir hafi tilkynnt nefndinni um áhuga sinn á að bjóða í eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og hvert verði framhald málsins.
4. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir minnisblað til ráðherra- nefndar um einkavæðingu þar sem gerð er grein fyrir þeim aðilum sem lýst hafa yfir áhuga á að kaupa eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Í minnisblaðinu kemur fram að frestur til að skila bindandi verðtilboði sé til 30 apríl 2007.
27. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir minnisblað til ráðherra- nefndar um einkavæðingu þar sem óskað er eftir að unnt verði að hafa símasamband við einstaka ráðherra í ráðherranefnd um einkavæðingu vegna afstöðu þeirra til sölu á eignarhlutum til hæstbjóðanda.
27. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir frá sér fréttatilkynningu⁸³ um opnun tilboða í hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Í fréttatilkynningunni kemur fram að tilboðin verði opnuð 30. apríl. Í fréttatilkynningunni eru nánari upplýsingar um söluferilinn.
30. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir minnisblað til ráðherra- nefndar um einkavæðingu þar sem gerð er grein fyrir opnun tilboða í hlutabréf ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Í minnisblaðinu kemur fram að í ljósi þeirra reglna sem söluferlið laut og tilboðsupphæðar sem verði að skoðast há miðað við fyrirliggjandi verðmöt á Hitaveitu Suðurnesja, leggur framkvæmdanefnd um einkavæðingu til að tilboði Geysir Green Energy ehf. verði tekið. Tilboðið hafi numið kr. 7.617.000.000 (gengi 6,7207) en Capacent hafi metið virði eiginfjár Hitaveitu Suðurnesja á 20,4 milljarða króna og að hlutur ríkisins hafi verið metinn á 3.100 milljónir króna.
30. apríl 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir frá sér fréttatilkynningu⁸⁴ þar sem fram kemur að fjármálaráðherra hafi, í samráði við ráðherra-

nefnd um einkavæðingu, samþykkt tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að taka tilboði Geysir Green Energy í eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

3. maí 2007 Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendir frá sér fréttatilkynningu⁸⁵ þar sem fram kemur að Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, og Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy ehf., muni 3. maí 2007 undirrita samning um kaup félagsins á eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
22. maí 2007 Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. ákveður að nýta sér ekki forkaupsrétt félagsins til hluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.
29. júní 2007 Geysir Green Energy undirritar samninga við um kaup á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja hf. af eftirtöldum sveitarfélögum: Vestmannaeyjabær, Árborg, Kópavogur, Vogar, Sandgerði, Grindavík og Garður. Um er að ræða allan hlut þessara sveitarfélaga í HS nema hvað sveitarfélögin á Suðurnesjum halda eftir um 1,25% hlut. Alls kaupir Geysir því nú um 28,4% hlut í félaginu. Heildar kaupverð er 15,0 milljarður króna. Gengi í viðskiptunum er 7,1 krónur á hlut en Geysir greiddi 6,72 krónur á hlut fyrir hlut íslenska ríkisins.
- júní 2007 Skýrsla framkvæmdanefndar einkavæðingar um einkavæðingu 2003-200786 kemur út. Í henni er ítarlega fjallað um sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
27. júní 2007 RARIK kaupir hlut í Bláfall Energi⁸⁷.
2. júlí 2007 Fjármálaráðuneytinu berast bréf frá Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ um neytingu forkaupsréttar að hlutum íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.
2. júlí 2007 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir⁸⁸ einróma samninga við Grindavíkurkaupstað og Hafnarfjarðarbæ um kaup á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja hf. Samkvæmt samningunum munu bæði sveitarfélögin nýta forkaupsrétt sinn á 15% hlut ríkisins og selja Orkuveitunni þá hluti. Jafnframt mun Grindavíkurkaupstaður selja Orkuveitunni 8,00% af 8,51% hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Með samningunum skuldbindur Orkuveitan sig einnig til að kaupa allt að allan eignarhlut Hafnarfjarðarbæjar í HS, sem nú er 15,42%. Öll viðskiptin eru á genginu 7.
2. júlí 2007 Hafnarfjarðarkaupstaður og Orkuveita Reykjavíkur gera með sér samkomulag um að Orkuveitan kaupi af Hafnarfjarðarkaupstað allan falan hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Í kjölfar undirritunar samningsins var gengið var frá kaupum á 15,203% af heildarhlutafé Hitaveitu Suðurnesja. Orkuveita Reykjavíkur kaupir jafnframt hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf. af Reykjanesbæ og átti eftir þessi viðskipti öll, samtals 16,58% hlut. Geysir Green Energy kaupir samtals 28,50% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. af ýmsum aðilum, m.a. Vestmannaeyjabæ, Vogum, og Kópavogsbæ, á genginu 7,1 á hvern hlut.

3. júlí 2007 Í fréttatilkynningu⁸⁹ á heimasíðu Hitaveitu Suðurnesja hf. kemur fram að Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær og Grindavíkurbær hafi ákveðið að nýta sér forkaupsrétt sinn til hluta í Hitaveitu Suðurnesja hf. og því verði ekki af sölu til Geysis Green Energy að sinni a.m.k. Við þetta verða hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja: Reykjanesbær 49,26%, Hafnarfjarðarbær 19,10%, Grindavíkurbær 10,54%, Sandgerðisbær 5,3%, Garður 4,6%, Vogar 2,72%, Vestmannaeyjabær 6,9%, Kópavogsbær 0,2% og Árborg 1,4%.
12. júlí 2007 Fjármálaráðuneyti sendir Hitaveitu Suðurnesja hf. bréf þar sem fram kemur að Hafnarfjarðarbær, Grindavíkurbær og Reykjanesbær hafi tilkynnt um nýtingu forkaupsréttar vegna sölu á eignarhlut ríkisins. Þá segir í bréfinu að með vísan til ákvæða 8. gr. samþykktu Hitaveitu Suðurnesja hf. tilkynnist að fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi selt fyrrgreindum forkaupsréttarhöfum allan eignarhlut íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. og skiptist hluturinn á milli forkaupsréttarhafa í ákveðnum hlutföllum. Í bréfinu er þess farið á leit við stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. að hlutabréf ríkisins verði ógilt og ný hlutabréf verði gefin út til kaupenda fyrir keyptum hlutum í samræmi við fyrrgreinda skiptingu og að ofangreind eigendaskipti verði færð í hlutaskrá félagsins.
12. júlí 2007 Gefin er út sameiginleg fréttatilkynning⁹⁰ um að Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær, Orkuveita Reykjavíkur og Geysir Green Energy ehf. hafi gert með sér samkomulag sem hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. Í fréttatilkynningunni kemur fram að samkvæmt kaupsamningum sem gerðir hafa verið verður eignarhlutur Reykjanesbæjar 34,75%, eignarhlutur Geysis 32,0%, eignarhlutur Hafnarfjarðarbæjar 15,42% og eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur 16,58%. Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum; Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar halda samtals 1,25% eignarhlut í HS. Núverandi hluthafar HS munu ekki beita forkaupsrétti sínum í þeim viðskiptum sem framundan eru. Þá kemur fram að Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur hafi auk þess gert með sér samkomulag um sölurétt Hafnarfjarðarbæjar á hlut sínum í HS til Orkuveitu Reykjavíkur og við nýtingu slíks réttar yrði hlutur Orkuveitunnar í HS samtals 32,0%. Af fréttum að dæma var kaupverðið á genginu 7,1.
1. ágúst 2007 Geysir Green Energy eignast Jarðboranir⁹¹. Samhliða kaupunum var gengið frá því að tæplega 16% hlutur Jarðborana í Enex færðist yfir til Geysir Green Energy.
31. ágúst 2007 Landsnet kaupir⁹² flutningsvirki Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupverðið er 1,3 milljarðar króna og greiðir Landsnet fyrir raforkuvirkin með hlutabréfum í Landsneti og reiðufé. Hluthafar í Landsneti eru: Landsvirkjun (64,73%), RARIK (22,51%), Orkuveita Reykjavíkur (6,78%) og Orkubú Vestfjarða (5,98%).

3. september 2007 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að beina því til eigenda fyrirtækisins að rekstrarformi þess verði breytt úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag og að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 2008.
3. október 2007 Tilkynnt um samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy⁹³. Með sameiningu Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy átti að verða til eitt öflugasta fyrirtæki heims á sviði jarðvarma, bæði í rafmagnsframleiðslu og rekstri hitaveitna. Félögin hafa lagt áherslu á uppbyggingu viðskiptasambanda og fjárfestinga erlendis og eftir sameiningu eru mörg leiðandi fyrirtæki á sviði jarðvarma innan vébanda félagsins:
- 100% eignarhlutur í Jarðborunum, einu fremsta fyrirtæki veraldar í nýtingu jarðvarma og borana, sem var áður í eigu Geysis Green Energy.
 - 48% eignarhlutur í Hitaveitu Suðurnesja, sem er samanlagður hlutur beggja félaganna.
 - 70% eignarhlutur í Enex, sem vinnur að þróun jarðvarmaverkefna víðsvegar um heiminn, sem er samanlagður hlutur beggja aðila.
 - 66% eignarhlutur í Enex Kína sem vinnur að þróun hitaveitna í Kína.
 - 20% eignarhlutur í Western GeoPower í Kanada sem vinnur að þróun tveggja jarðvarmavirkjana í Bandaríkjunum. Þessi hlutur var áður í eigu Geysis Green Energy.
 - 46% hlutur í Exorku International, sem vinnur að byggingu jarðvarmaorkuvera sem nýta svo kallaða Kalina-tækni til raforkuvinnslu. Þessi hlutur var áður í eigu Geysis Green Energy.
 - Samkomulag er á milli aðila um að einkaleyfisbundin starfsemi Hitaveitu Suðurnesja (veitukerfi sveitarfélaga) verði í meirihluta-eigu Reykjanesbæjar.
9. október 2007 Umboðsmaður Alþingis ritar borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Akranesbæjar og sveitarstjórn Borgarbyggðar bréf þar sem hann óskar eftir ákveðnum skýringum og upplýsingum frá sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem eru eigendur Orkuveitu Reykjavíkur, vegna ráðstöfunar ákveðinna eigna orkuveitunnar til dótturfélagsins Reykjavík Energy Invest og síðar ráðstöfun eignarluta í því félagi.
- Nóvember 2007 Viðskiptaráðherra skipar nefnd um endurskoðun laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
- 2007 Geysis Green Energy kaupir 2% hlut Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen í Enex.
12. október 2007 Geysis Green Energy og Landsvirkjun undirrita samkomulag⁹⁴ um kaup Geysis Green Energy á 24,35% hlut Landsvirkjunar í Enex. Eftir kaupin á GGE um 70% í Enex og eftir fyrirhugaðan samruna Reykjavík Energy Invest (REI) og GGE mun sameinað félag ráða yfir um

97% hlutafjár í Enex. Stefnt er að því að samþætta starfsemi Enex við sameinað félag GGE og REI. Kaupverð hlutar Landsvirkjunar er 996 milljónir króna og að helmingshlut greiddur í reiðufé og helmingur með hlutafé í Geysi Green Energy. Við fyrirhugaðan samruna GEE og REI mun Landsvirkjun eignast hlut í REI á genginu 2,77, sem jafngildir helming af kaupverðinu. Landsvirkjun hefur síðan rétt til að selja bréf sín í REI eftir sex mánuði á sama gengi. Eins og áður hefur verið tilkynnt er sá samruni háður ákveðnum skilyrðum, m.a. samþykki samkeppnisyfirvalda. Ef skilyrði samrunans eru ekki uppfyllt munu seljendur fá söluverðið greitt að fullu í reiðufé.

31. október 2007 Svar borgarlögmans⁹⁵ við fyrirspurn Umboðsmanns Alþingis.
1. nóvember 2007 Borgarráð hafnar samruna REI og GGE⁹⁶.
2. nóvember 2007 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveður⁹⁷ að fallast á tilmæli borgarráðs og falla frá samþykktum stjórnarfundarins 3. október 2007 í tengslum við samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy.
16. nóvember 2007 Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur⁹⁸ tekur aftur ákvarðanir á eigendafundi 3. október 2007 varðandi samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Jafnframt fólu eigendur stjórnarformanni Orkuveitunnar að ræða við aðra eigendur Reykjavík Energy Invest og Geysi Green Energy um stöðu og framhald málsins og að gera eigendum grein fyrir framgangi viðræðna. Þá fólu eigendur forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur að leita sátta í málaferlum Svandísar Svavarsdóttur gegn Orkuveitu Reykjavíkur vegna lögmætis fundarins 3. október.
23. nóvember 2007 Orkuveita Reykjavíkur kaupir⁹⁹ það hlutafé í Reykjavík Energy Invest sem eignarhaldsfélög Bjarna Ármannssonar og Jóns Diðriks Jónssonar sem þau lögðu inn í félagið.
1. janúar 2008 Landsvirkjun tekur bandaríkjadollar upp sem starfrækslumynt¹⁰⁰.
1. janúar 2008 Formlegur rekstur Landsvirkjun Power hefst¹⁰¹ en fyrirtækið var stofnað 1. mars 2007 undir nafninu Landsvirkjun Invest.
10. janúar 2008 Hafnarfjarðarbær tilkynnir Hitaveitu Suðurnesja hf¹⁰². um sölu á 95% hlutafjár bæjarins í félaginu til Orkuveitu Reykjavíkur. Við þetta verða hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf.: Reykjanesbær 34,74831%, sveitarfélögin Hafnarfjarðarbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Vogar með samtals 2,02258%, Orkuveita Reykjavíkur 31,22911% og Geysir Green Energy 32%.
13. febrúar 2008 FL Group selur hlut sinn í Geysir Green Energy¹⁰³. Glitnir og VGK auka hlut sinn.
26. febrúar 2008 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði¹⁰⁴. Tilgangur frumvarpsins er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Er það gert til að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem

nú eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þessara aðila. Við vinnslu frumvarpsins var aflað greinargerða frá Eiríki Tómassyni, Friðrik Má Baldurssyni og Peter Dyrberg.

17. apríl 2008 Samkeppniseftirlitið birtir ákvörðun sína nr. 23/2008¹⁰⁵. Niðurstaðan var m.a. sú að Orkuveitu Reykjavíkur var óheimilt að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja og stefndi yrði að gera breytingu á eignarhaldi sínu fyrir tiltekinn tíma. Þá var stefnda óheimilt að hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir Hitaveitu Suðurnesja hf. og taka við frá Hitaveitu Suðurnesja hf. eða miðla til hennar hvers konar upplýsingum sem áhrif geta haft á samkeppni milli fyrirtækja, þar til stefndi hefur gert breytingar á eignarhaldinu.
2. maí 2008 Rarik stofnar dótturfélag¹⁰⁶ sem ber heitið RARIK Orkuþróun ehf. (Rarik Energy Development). Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar RARIK ohf. í árslok 2007 var ákveðið að stofna sjálfstætt fyrirtæki til að halda utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK innanlands og erlendis.
14. maí 2008 Orkuveita Reykjavíkur kærir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála.
29. maí 2008 Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er samþykkt sem lög frá Alþingi, sbr. lög nr. 58/2008¹⁰⁷.
2. júlí 2008 Áfrýjunarnefnd samkeppnismála¹⁰⁸ kveður upp úrskurð þar sem tekið er undir sjónarmið samkeppniseftirlitsins nema að Orkuveitu Reykjavíkur var heimilt að eiga allt að 10% hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Stefndi átti fyrir tiltekinn tíma að gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf.
8. júlí 2008 Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur og aðstoðarforstjóri Time Warner fjölmiðlasamsteypunnar og bandaríska fjárfestingarfélagið Wolfensohn & Company gerast hluthafar í Geysi Green Energy¹⁰⁹. Fjármunir Wolfensohn & Company skila sér ekki¹¹⁰.
22. september 2008 Stjórn Reykjavík Energy Invest samþykkir¹¹¹ að kanna möguleika á því að ganga til samstarfs við fagaðila um stofnun opins fjárfestingasjóðs sem hafi með höndum fjármögnun verkefna félagsins. Einhugur er um samþykktina í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.
1. desember 2008 Hluthafafundur Hitaveitu Suðurnesja hf. ákveður að skipta fyrirtækinu upp í tvö aðskilin fyrirtæki, HS Orku og HS Veitur. Í þessari ákvörðun felst að veitukerfi fyrir raforku, hitaveitu og ferskvatn verða í sérstöku félagi, en framleiðslan og sala raforku verður í öðru félagi. Þessi skipting er ákveðin í samræmi við nýlega lagasetningu um aðskilnað þessara þátta.
19. desember 2008 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveður¹¹² að selja hlut félagsins í HS Orku.
1. janúar 2009 Formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja¹¹³ í HS Orku og HS Veitur á sér stað.

9. febrúar 2009 Samkomulag tekst milli eigenda Enex¹¹⁴ um uppskiptingu félagsins.
26. febrúar 2009 Úrskurður Áfrýjunarnefndar¹¹⁵ samkeppnismála endurupptekinn og frestur til handa Orkuveitu Reykjavíkur lengdur.
18. mars 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur¹¹⁶ dæmir Orkuveitu Reykjavíkur til að efna samning um kaup á hlutum í HS Orku og HS Veitum og því að greiða Hafnarfjarðarkaupstað, 7.643.300.818 kr. með dráttarvöxtum frá 28. apríl 2008 gegn afhendingu á 896.154.577 hlutum í HS Orku hf. og 195.745.540 hlutum í HS Veitum hf. og 1.500.000 kr. í málskostnað.
- júlí 2009 Íslandsbanki kaupir 2,6 prósentu hlut Ólafs Jóhanns Ólafssonar í Geysi Green Energy¹¹⁷.
23. júlí 2009 Geysir Green Energy og kanadíska jarðhitafyrirtækið Magma Energy Corporation gera með sér samkomulag um kaup Magma á 10,8% hlut í HS Orku af Geysi¹¹⁸. Magma leggur Geysi lið við fjármögnun þessara viðskipta og selur Geysir Magma 10,8% af 66% hlut sínum í fyrirtækinu fyrir rúma þrjú milljarða króna. Þá mun Magma einnig leggja HS Orku til tvo milljarða króna í nýju hlutafé, í hlutafjáru aukningu sem er fyrirhuguð á næstunni, til að tryggja félaginu frekara fjármagn til framkvæmda. Eignarhlutur Magma í HS Orku mun verða 16% eftir fyrirhugaða hlutafjáru aukningu og eignarhlutur Geysis 52%.
17. ágúst 2009 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveður¹¹⁹ að ganga til viðræðna við Magma Energy um kaup þess á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku. Eignarhlutinn hefur verið í opinberu söluferli frá því í vor. Síndi fjöldi aðila hlutnum áhuga og fór stjórn Orkuveitunnar yfir tilboð í dag. Var ákveðið að ganga til viðræðna við Magma Energy, sem nýverið eignaðist 11% hlut í HS Orku.
31. ágúst 2009 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir¹²⁰ kaupsamning við Magma Energy um 16,58% hlut OR og tæplega 15% hlut Hafnarfjarðarbæjar í HS Orku. Jafnframt samþykkir stjórnin samkomulag við Hafnarfjarðarbæ¹²¹ um uppgjör milli aðila vegna viðskipta þeirra með hlut í Hitaveitu Suðurnesja.^{122 123 124}
15. september 2009 Borgarráð samþykkir að Orkuveita Reykjavíkur selji Magma Energy Sweden AB hlut Orkuveitunnar í HS Orku. Samningurinn er metinn á um 12 milljarða króna.
15. september 2009 Orkuveita Reykjavíkur mótmælir því að farið hafi verið í kringum lög með sölu til Magma¹²⁵.
29. september 2009 HS Orka tilkynnir viðskiptaráðuneyti um fjárfestingu Magma Energy Sweden AB í HS Orku hf.
- Október 2009 Viðskiptaráðherra leggur niður nefnd¹²⁶ um endurskoðun laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
15. október 2009 Kröfuhafar eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka¹²⁷.
6. nóvember 2009 Rarik kaupir rafveituhluta Orkuveitu Húsavíkur¹²⁸.

17. nóvember 2009 Geysir Green Energy eignast meirihluta í HS Orku¹²⁹. Geysir Green Energy (Geysir), Reykjanesbær og kanadíska jarðhitafyrirtækið Magma Energy Corporation (Magma) ljúka viðskiptum vegna kaupa Geysis á 34% hlut í HS Orku af Reykjanesbæ. Enn fremur kaupir Magma 8,6% hlut í HS Orku af Geysi. Með sölnni lýkur fyrri áfanga af tveimur í sölu Geysis á alls 10,8% hlutafjár í HS Orku til Magma fyrir rúma þrjá milljarða króna. Eftir sölu hlutarins er Geysir eigandi 57,4% hlutafjár í HS Orku hf. en seinni áfangi viðskiptanna er sala á 2,2% hlut að auki til Magma í byrjun árs 2010. Að þeim viðskiptum loknum verður Geysir eigandi 55,2% hlutar í HS Orku.
30. desember 2009 Landsvirkjun kaupir 32% hlut Norðurorku í Þeistareykjum¹³⁰. Eftir kaupin á Landsvirkjun 64% hlut í félaginu en aðrir hluthafar eru Orkuveita Húsavíkur og Þingeyjarsveit. Fyrir hlutinn eru greiddar 4,5 milljónir dollara að aflokinni áreiðanleikakönnun og 11 milljónir dollara til viðbótar þegar orkuvinnsla hefst á umráðasvæði Þeistareykja ehf., þó ekki fyrir en að tíu árum liðnum.
20. janúar 2010 Samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur og fjármálaráðherra¹³¹ um kaup Orkuveitunnar á 20% hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
30. mars 2010 Stjórn HS Orku samþykkir¹³² að auka hlutafé félagsins um 844.551.548 milljónir króna að nafnverði. Tveir stærstu hluthafarnir, Geysir Green Energy og Magma Energy Sweden AB kaupa alla aukninguna á genginu 3 eða fyrir rúmlega 2,5 milljarða króna.
22. mars 2010 Nefnd um erlenda fjárfestingu skilar niðurstöðu sinni varðandi fjárfestingu Magma Energy Sweden í HS Orku. Meirihluti nefndarinnar¹³³ kemst að þeirri niðurstöðu að fjárfesting Magma Energy Sweden AB á hlutum í HS Orku hf., sbr. tilkynningu HS Orku hf. frá 29. september og þeim gögnum sem síðar hafa verið lögð fram, gangi ekki gegn ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991. Minnihluti nefndarinnar¹³⁴ kemst að þeirri niðurstöðu að hafna beri fjárfestingunni þar sem ekki liggja ljóst fyrir samkvæmt framkomnum gögnum, að fjárfestingin samrýmist 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.
17. maí 2010 Magma Energy Sweden AB kaupir öll hlutabréf Geysis Green Energy í HS Orku¹³⁵. Um er að ræða 52,35% heildarhlutafjár eða 3.644.863.114 hluti og er Magma þá alls eigandi 6.860.311.994 hluta eða 98,53% heildar hlutafjár. Samkvæmt fjölmiðlum er kaupverðið um 16 milljarðar króna.
25. maí 2010 HS Orka tilkynnir efnahags- og viðskiptaráðuneyti um fjárfestingu Magma Energy Sweden á viðbótarhlutafé í HS Orku.
10. júní 2010 Iðnaðarráðherra leggur fram frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar vatnsfalla og háhitasvæða¹³⁶. Frumvarpinu er ætlað að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem farið hefur fram undanfarinn áratug við undirbúning að rammaáætlun um

nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra stöðu hennar gagnvart stjórnvöldum við gerð skipulagsáætlana og veitingu opinberra leyfa, þ.m.t. rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Þá er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjunarkostum. Lagt er til að iðnaðar- og umhverfisaráðherra vinni náið saman að langtímaverndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunarfallvatna og háhita og iðnaðarráðherra leggi hana fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í áætluninni verði lagt mat á verndar- og nýtingargildi landsvæða og skilgreindir virkjunarkostir flokkaðir í þrjá flokka: nýtingarflokk, verndarflokk og biðflokk. Frumvarpinu er ætlað að stuðla að vandaðri stefnumörkun um hvaða svæði sé hugsanlegt að nýta til orkuvinnsla og hvaða svæði eigi að vernda gagnvart slíkum framkvæmdum og tryggja að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við þá stefnumörkun. Er frumvarpinu ætlað að stuðla að meiri sátt um orkuvinnslu og minnka óvissu orkufyrirtækja við val á virkjunarkostum. Gert er ráð fyrir að áætlunin bindi hendur stjórnvalda við veitingu leyfa sem tengjast orkurannsóknum og orkuvinnslu í þeim skilningi að eingöngu megi veita slík leyfi vegna framkvæmda sem falla í nýtingarflokk hennar. Þó verði takmarkaðar orkurannsóknir heimilar vegna virkjunarkosta í bið- og verndarflokki. Einnig er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin skyldi stjórnvöld til að hefja friðlýsingarferli vegna þeirra landsvæða sem talið er að rétt sé að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.

7. júlí 2010 Nefnd um erlenda fjárfestingu skilar niðurstöðu varðandi fjárfestingu Magma Energy Sweden AB á viðbótarhlutafé í HS Orku hf. Meirihluti nefndarinnar¹³⁷ kemst að þeirri niðurstöðu að fjárfesting Magma Energy Sweden AB á viðbótarhlutafé í HS Orku hf., sbr. tilkynningu HS Orku hf. frá 25. maí 2010 og þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, gangi ekki gegn ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991.
13. júlí 2010 Björk Guðmundsdóttir, Jón Þórisson og Oddný Eir Ævarsdóttir kvarta til umboðsmanns Alþingis¹³⁸ vegna kaupa Magma Energy Sweden á HS Orku.
13. júlí 2010 Björk Guðmundsdóttir sendir frá sér spurningalista¹³⁹ vegna Magma-málsins.
27. júlí 2010 Ríkisstjórnin sendir frá sér yfirlýsingu¹⁴⁰ þar sem fram kemur að ætlunin sé að:
- forsætisráðherra skipi sérstaka nefnd óháðra sérfræðinga til þess að rannsaka og yfirfara einkavæðingu í orkugeiranum á undanförnum árum,
 - forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og umhverfisaráðherra sem og þingflokkar stjórnarflokkanna tilnefna hver einn fulltrúa í sérstakan starfshóp sem hefji þegar störf og undirbúi lagafrumvarp er tryggt opinbert

eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarki eignarhald einkaaðila,

- efnahags- og viðskiptaráðherra upplýsi málsaðila um það með bréfi, að á vegum stjórnvalda sé að fara af stað sjálfstæð og óháð rannsókn sem lýtur að lögmæti kaupa Magma sem erlends aðila, málið hafi verið sent til umboðsmanns Alþingis, ríkisstjórnar-flokkarnir séu að hefja vinnu sem miði að endurskoðun lagaumhverfis varðandi eignarhald á orkufyrirtækjum, þ.á m. um takmarkanir á eignarhaldi einkaaðila, og málið sé til skoðunar og unnið að stefnumótun á pólitískum vettvangi og kunni allt framangreint að hafa áhrif á framtíðarstöðu opinberra jafnt sem einkaaðila á sviði orkumála.

27. júlí 2010

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti gefur út fréttatilkynningu¹⁴¹ þar sem fram kemur efnahags- og viðskiptaráðherra hafi sent HS Orku hf. og Magma Energy Sweden AB bréf þar sem upplýst er að á vegum stjórnvalda sé að fara af stað sjálfstæð og óháð rannsókn sem lúti að lögmæti kaupa Magma Energy Sweden AB á hlutafé í HS Orku hf. Jafnframt að ráðuneytið hafi upplýsingar um að kvörtun hafi verið send vegna málsins til Umboðsmanns Alþingis. Þá hafi ríkisstjórnin ákveðið að sett verði af stað vinna sem miði að endurskoðun á laga-umhverfi er varðar eignarhald á orkufyrirtækjum, þ. á m. takmörkunum á eignarhaldi einkaaðila. Málið sé til pólitískrar skoðunar og stefnumótunar en slík skoðun kunni að hafa áhrif á framtíðarstöðu opinberra jafnt sem einkaaðila á sviði orkumála. Ríkisstjórnin sé staðráðin í því að vinda ofan af einkavæðingu innan orkugeirans og tryggja eftir megni að mikilvægustu orkufyrirtæki landsins séu á forræði opinberra aðila. Efnahags- og viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin hafi ekki tekið endanlega afstöðu til fjárfestingar Magma Energy Sweden AB á hlutafé í HS Orku hf. en séu nú að yfirfara framtíðar rekstrar- og lagaumhverfi fyrirtækja í orkugeiranum.

Vefslóðir á bakvið hlekk í skjalinu

1 www2.stjr.is/ivr/upplýsingar/utgafur/orkumal/3.html
2 www.althingi.is/altext/128/s/0700.html
3 www.enex.is/?PageID=139
4 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=113&mnr=320
5 www.althingi.is/altext/113/s/1029.html
6 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=120&mnr=254
7 www.althingi.is/altext/120/s/0978.html
8 www.idnarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/223
9 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=121&mnr=175
10 www.althingi.is/altext/stjt/1997.009.html
11 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=122&mnr=227
12 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=123&mnr=543
13 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=123&mnr=592
14 www.althingi.is/altext/stjt/1999.050.html
15 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=125&mnr=198
16 www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/skyr00_1.PDF
17 www.althingi.is/altext/stjt/2000.014.html
18 www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/skyrsla00_3.PDF
19 www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Rarik.pdf
20 www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=590179
21 www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/139
22 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=126&mnr=480
23 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=126&mnr=520
24 www.althingi.is/altext/126/s/0890.html
25 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=126&mnr=719
26 www.althingi.is/altext/126/s/1481.html
27 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=127&mnr=366
28 www.althingi.is/lagas/138a/2001139.html
29 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=127&mnr=545
30 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=127&mnr=662
31 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=127&mnr=672
32 www.althingi.is/altext/stjt/2002.076.html
33 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=128&mnr=462
34 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=128&mnr=457
35 www.althingi.is/altext/128/s/0801.html
36 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=128&mnr=544
37 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=128&mnr=545
38 www.althingi.is/lagas/138a/2003086.html
39 www.althingi.is/lagas/nuna/2003087.html
40 www.althingi.is/lagas/nuna/2003065.html
41 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/225
42 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mnr=737
43 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mnr=740
44 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mnr=747
45 www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Meginaherslur2_2004.pdf
46 www.althingi.is/lagas/138a/2004075.html
47 www.althingi.is/altext/130/s/1883.html
48 www.althingi.is/lagas/nuna/2004098.html
49 www.hsorka.is/HSArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=6666919322&WKEY=%5b65534%3a6666919322%5d&subjectId=10012
50 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=131&mnr=364
51 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=131&mnr=396
52 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=131&mnr=399
53 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/266
54 www.idnarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/1566

55 www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Meginverkefni_210205.pdf
56 www.althingi.is/altext/131/s/0935.html
57 www.althingi.is/lagas/138a/2005050.html
58 www.althingi.is/altext/131/s/1480.html
59 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=132&mnr=1
60 www.althingi.is/altext/132/s/0399.html
61 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=132&mnr=392
62 www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/frettir/?NewsItemID=809
63 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/320
64 www.idnadarraduneyti.is/frettir/frettatilkygningar/nr/1767
65 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/338
66 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=132&mnr=682
67 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=132&mnr=682
68 www.althingi.is/altext/132/s/1516.html
69 www.idnadarraduneyti.is/Forsida_IVR/nr/2068
70 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=1
71 www.idnadarraduneyti.is/Forsida_IVR/nr/2170
72 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=364
73 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=365
74 www.althingi.is/altext/stjt/2006.154.html
75 www.althingi.is/altext/stjt/2006.164.html
76 dev.ecweb.is/samkeppni/upload/files/samkeppniseftirlit/akvardanir/2006/akvordun49_2006_stofnun_orkusolunar.pdf
77 www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/frettir/nanar/item11199/Geysir_Green_Energy_stofnsett/
78 www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Einkavaeding/nr/2518
79 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=570
80 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/409
81 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/813
82 www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Einkavaeding/nr/2608
83 www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Einkavaeding/nr/2606
84 www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Einkavaeding/nr/2605
85 www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Einkavaeding/nr/2604
86 www.forsaetisraduneyti.is/media/Einkavaeding/einkavaeding03-07.pdf.pdf
87 www.rarik.is/frettir/frttir/rarik-kaupir-hlut--blfall-energi
88 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/858
89 www.hsorka.is/HSArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=7270940970&WKEY=%5b65534%3a7270940970%5d&subjectId=10012
90 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/868
91 www.geysirgreenenergy.com/news/nr/17
92 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/899
93 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/920
94 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/459
95 www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/frettir/Svar_Reykjav_kurborgar_vegna_OR_og_REI.pdf
96 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1362
97 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1369
98 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1387
99 www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1391
100 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/467
101 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/484
102 www.hsorka.is/HSArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=7310807966&WKEY=%5b65534%3a7310807966%5d&subjectId=10012
103 www.geysirgreenenergy.com/news/nr/41
104 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=432
105 dev.ecweb.is/samkeppni/upload/files/samkeppniseftirlit/akvardanir/2008/akvordun23_2008_kaup_orkuveitu_reykjavikur_a_hlut_i_hitaveitu_sudurnesja.pdf
106 www.rarik.is/frettir/frttir/rarik--trs1
107 www.althingi.is/altext/stjt/2008.058.html
108 www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/afriunarnefnd_samkeppnismala/2008/urskurdur7_2008_orkuveita_reykjavikur_og_hafnarfjardarbaer_gegn_samkeppniseftirlitinu.pdf
109 www.vf.is/Vidskipti/36720/default.aspx

110 www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/geysir-green-milljarda-fjarfesting-skilar-ser-ekki-og-olafur-johann-farinn?page=2&offset=70

111 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1679

112 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1740

113 www.hsorka.is/HsArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=8957924732&WKEY=%5b65534%3a8957924732%5d&subjectId=10012

114 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1757

115 dev.ecweb.is/samkeppni/upload/files/afriunarnefnd_samkeppnismala/2009/urskurdur_afryjunar_nefndar_samkeppnismala_i_mali_nr._5_2009_orkuveita_reykjavikur_gegn_samkeppniseftirlitinu.pdf

116 www.domstolar.is/domaleit/nanar/?ID=E200803120&Domur=2&type=1&Serial=1

117 www.mbl.is/mm/vidskipti/frettir/2009/10/14/islandsbanki_keypti_hlut_olafs_johanns_i_geysi_gree/

118 www.geysirgreenenergy.com/news/nr/126

119 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1839

120 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1849

121 www.or.is/media/PDF/samkomulag_uppgjor_Hfb.pdf

122 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1852

123 mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/09/06/epli_og_appelsinur/?ref=fprenningur

124 www.or.is/media/PDF/Svor_vid_fyrirspurnum_i_borgarradi_vegna_HS_Orku_100909.pdf

125 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1862

126 www.visir.is/lagdi-nidur-nefnd-sem-atti-ad-endurskoda-log-um-erlenda-fjarfesting/article/2010692096881

127 www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/12592

128 www.rarik.is/frettir/frettir/rarik-kaupir-rafdreifikerfi-a-husavik

129 www.hsorka.is/HsArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=8957928730&WKEY=%5b65534%3a8957928730%5d&subjectId=10012

130 www.landsvirkjun.is/frettir/frettasafn/nr/1059

131 www.or.is/UmOR/Fjolmidlateg/Frettir/Lesafrett/1936

132 www.hsorka.is/HsArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=8957930972&WKEY=%5b65534%3a8957930972%5d&subjectId=10012

133 www.efnahagsraduneyti.is/media/frettir/Magma-Energy-Sweden-AB---alit-meirihluta.pdf

134 www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/Magma-Energy-Sweden-AB---alit-minnihluta.pdf

135 www.hsorka.is/HsArticleDisplay.aspx?WTID=50076&WREC=8957931971&WKEY=%5b65534%3a8957931971%5d&subjectId=10012

136 www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=138&mnr=660

137 www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/bref_HS_070710.pdf

138 feeds.mbl.is/media/07/2207.pdf

139 bjork.com/magma/Question_List_Bjork_Icelandic.pdf

140 www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/4335

141 www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3124